

Allt í góðu víða um bæ



Síblankur tíu þúsund kall



Sigraðu innkaupin með appinu

nettó



Menning > 21

Lífið > 24

# FRÉTTABLAÐIÐ

122. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 23. JÚNÍ 2022



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar tilraun til manndráps í Hafnarfirði í gær þar sem skotið var á tvær bifreiðar af svölum blokkaríbúðar. Í annarri bifreiðinni voru feðgar á leið í leikskóla þar skammt frá þegar skotin dundu á bílnum. Lögregla og sérsveit voru með mikinn viðbúnað á svæðinu kringum vettvanginn, sem var afgirtur frá rúmlega átta í gærmorgun til hádegis þegar meintur skotmaður, karlmaður á sjötugsaldri, gaf sig fram. Farið verður fram á gæsluvarðhald yfir honum fyrir hádegi í dag að sögn Margeirs Sveinssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Íslenskir bændur flytja inn æ meira af kjötvöru

Íslenskir kjötframleiðendur, sem gólið hafa varhug við innflutningi á búvörum af heilbrigðisástæðum, flytja þær nú inn til landsins af æ meiri og vaxandi þunga.

ser@frettabladid.is

**INNFLUTNINGUR** Innflutningur á kjötvörum og öðrum landbúnaðarafurðum hefur stóraukist hér á landi á undanförunum árum og vekur athygli að það eru ekki síst íslenskir kjötframleiðendur sem eiga þar hlut að máli, en þeir hafa oft og tíðum lagst gegn innflutningi af þessu tagi.

Þegar rýnt er í niðurstöður útboða

á tollkvóta, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, sést að innflutningur innlendra bænda og afurðastöðva á búvörum hefur aukist verulega á síðustu árum og einkanlega eftir að tollkvótar samkvæmt samningi við Evrópusambandið voru stækkaðir 2019.

Þegar horft er til niðurstöðu síðasta útboðs á tollkvóta frá Evrópusambandslöndunum, sést að hlutur innlendra framleiðenda af innflutningnum nemur núna 90 prósentum í svínakjöti, 43 prósentum í nautakjöti, 34 prósentum í alifuglum og 25 af hundraði í innflutningi á skinku.

Innlendir búvöruframleiðendur hafa einnig stóraukið innflutning



**Vefsíðu innlendra framleiðenda þar sem varað hafði verið við innflutningi á matvörum hefur nú verið lokað.**

á búvörum frá öðrum löndum og álfum á allra síðustu árum, sem í krafti útboða fást á lægri tollum en ella. Í síðasta útboði tollkvóta samkvæmt WTO-samningnum hrepptu innlendir framleiðendur 81 prósent af kvóta fyrir kinda- og geitakjöt, 68 prósent af nautakjöti, sömu prósentuna af eggjum, 48 prósent af alifuglakjöti og 23 prósent af ostum.

Sérstaka athygli vekur að ólíkt því sem áður var seldist allur tollkvótinn fyrir innflutning á kindakjöti í útboðinu og flytur fyrirtækið Stjörnugrís, stærsti svínaræktandi landsins, inn 81 prósent af honum, eða sem nemur 280 tonnum.

Útboðsniðurstöðurnar sýna að innlendir kjötframleiðendur bjóða

hátt í tollkvóta fyrir innfluttar búvörur og eru sumir hverjir að verða í hópi umsvifamestu innflytjenda á búvörum, en svo virðist sem þeir keyri áfram hækkanir á útboðsgjaldi í sumum vöruflokkum.

Flest þessara fyrirtækja sem hér um ræðir, eða samtök þeirra, áttu aðild að vefnum oruggurmatur.is þar sem varað var við innflutningi á búvörum. Þar sagði meðal annars að „óhindraður innflutningur á kjöti, hráum eggjum, ostum og öðrum mjólkurvörum rýfur verndina sem lega landsins og íslenskir búskaparhættir veita okkur og skapar raunverulega hættu fyrir almenning.“ Vefnum hefur nú verið lokað. ■

ÞAÐ MÁ  
LEIKA SÉR  
AÐ MATNUM!



Grillaðu  
gómsætan  
eftirrétt í  
sumar!

KRÓNAN



Anton Sveinn hefur um árabíl verið einn fremsti sundmaður landsins.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Anton syndir í úrslitum á HM

kristinnpall@frettabladid.is

**SUND** Sundkappinn Anton Sveinn McKee syndir til úrslita á HM í 50 metra laug í 200 metra bringusundi í dag, eftir að hann kom í mark á næstbesta tímanum í undanúrslitunum í gær. Anton kom í mark á 2.08,74 og bætti með því eigið Íslandsmet sem var búið að standa í nokkrar klukkustundir.



Áætlað er að sundið hefjist klukkan 17.28 að íslenskum tíma.

Anton var með fimmta besta tímann í undanrásunum fyrr um daginn þegar hann kom í mark á 2.09,69 sem var bæting á eigin Íslandsmeti, en gerði enn betur síðar um daginn og bætti aftur eigið Íslandsmet, nú um 0,95 sekúndu. Áætlað er að sundið hefjist klukkan 17.28. ■

## Vel beit á við Flensborgarhöfn



Hátt í 400 börn tóku þátt í dorgveiðikeppni sumarnámskeiða Hafnarfjarðarbæjar við Flensborgarhöfn í gær. Í ár var smokkfiskur í boði sem beita í fyrsta sinn og virðist það hafa skilað árangri því aflinn var meiri en hann hefur verið síðustu ár. Keppnin hefur verið haldin frá árinu 1990 og er hún opin krökkum á aldrinum sex til tólf ára. Keppnin er orðin ein fjölmennasta dorgveiðikeppni landsins og mæting í ár var með betra móti.  
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Föt og skór hvergi dýrari í allri Evrópu

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Fatnaður og skór kostuðu mest á Íslandi árið 2021 af öllu EES-svæðinu. Alls var verðlag á Íslandi það næsthæsta, á eftir Sviss, og 50 prósentum hærra en meðalverð álfunnar. Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópu.

Á eftir Íslandi koma Noregur, Danmörk og Írland en lægsta verðlagið er í Rúmeníu, Búlgaríu og Póllandi.

Árið 2020 var fatnaður dýrastur í Danmörku en Ísland stókk upp um 10 prósent og á toppinn á þeim lista. Eru fót og skór nú 35 prósentum yfir meðalverðlagi í Evrópu.

Matur er 39 prósentum yfir meðalverðlagi og hefur hækkað um 7 prósent milli ára. Þó er matur töluvert dýrari í bæði Sviss og Noregi.



Fatnaður og skór hækkaði um 10 prósent milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Áfengi og tóbak hefur hækkað um 9 prósent og næst hæst í Evrópu á eftir Noregi.

Lengst frá meðalverðlagi Evrópu eru vörur og þjónusta tengd heilsu og menntun. Í báðum tilfellum meira en 100 prósent dýrari á Íslandi. ■

## Baldur býður nemendunum í sumargrill í námskeiðslok

Á laugardag lýkur sumarskóla um smáríki með lokaprófi, en hann hefur verið starfræktur í nærri 20 ár. Í gær var stund milli stríða þegar Baldur Þórhallsson, forsvarsmáður skólans, bauð í sumargrill og leiki á túninu við Ægisíðu.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Nemendum og kennurum við skólann finnst gaman að koma inn á íslenskt heimili og borða íslenskan mat. Fólk er þakklátt og finnst þetta gaman. Það er líka gott að nota túnið við Ægisíðu og sprella aðeins,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og í forsvari fyrir sumarskóla um smáríki, en hann bauð venju samkvæmt nemendum og kennurum í gleði og glaum á heimili sínu í gær.

Þar var farið í pílukast, fótbolta-spil og ýmislegt fleira, en Baldur og eiginmaður hans, Felix Bergsson, hafa boðið upp á grill og leiki á túninu við Ægisíðu þegar sumarskólanum er að ljúka. Lokapróf fer fram á laugardag frá skólanum.

Sumarskóli um smáríki fjallar um styrkleika og veikleika smáríkja og hefur skólinn verið starfræktur í 20 ár með styrk frá Erasmus+, áætlun Evrópusambandsins. Skólinn er einnig með hraðprógrömm að vetrarlagi í Tallin, Víníus, Kaupmannahöfn og Ljubljana og er unnið með þema í þrjú ár þar til því er breytt.

Baldur segir að nemendafjöldinn náglist um átta hundruð á þessum 20 árum með námskeiðunum erlendis.

„Það sem mér finnst gaman að sjá er að margir af þessum nemendum halda áfram að einblína á smáríki og skrifa meistaritgerðir og



Mikil fjör var í Vesturbænum í gær þegar Baldur bauð venju samkvæmt nemendum og kennurum heim í gleði og glaum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nú erum við með kennara við skólann sem voru nemendur í skólanum á sínum tíma.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.

doktorsritgerðir um lítil ríki. Og nú erum við með kennara við skólann sem voru nemendur í skólanum á sínum tíma.“

Að þessu sinni var þemað um hvernig smáríki geta verið leiðandi og haft áhrif á heimsvísu. „Þau þurfa að beita tilteknum aðferðum og

leiðum til að hafa áhrif. Til dæmis er mjög mikilvægt fyrir lítið ríki að forgangsraða. Lítil ríki hafa minna fjármagn, stjórnsýslan er minni og tengslanetið úti í hinum stóra heimi er minna. Smáríki þurfa að einblína á fáa málaflokka og reyna að vera best í þeim.“

Baldur segir að einnig sé fjallað um styrkleika og veikleika lýðræðis í litlum samfélögum en lítil ríki eru oft sögð lýðræðislegri og minna spillt en þau stóru.

„Alþjóðlegir mælikvarðar ná hins vegar oft ekki utan um nándina og frændhygli í litlum samfélögum, sem geta leitt til þess að það verði meiri fyrirgreiðsla til frændans eða vinarins en í þessum stóru löndum. Tengsl stjórnmálamanna og sterkra hagsmunahópa eru oft umtalsverð í litlum ríkjum og það getur leitt til spillingar og haft áhrif á gang lýðræðisins.“ ■



JARÐBÖÐIN  
VIÐ MÝVATN

jarbodin.is



blómaval HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR ÞIG**

# RISA TILBOÐ



Nýtt blað  
á [husa.is](http://husa.is)  
Skoðu  
öll tilboðin



Reiðhjól og  
rafmagnshjól

**25%**  
afsláttur

Garðhúsgögn og  
pizzuofnar

**25%**  
afsláttur

Sláttuvélar  
og orf

**25%**  
afsláttur

Sumarblóm og  
garðplöntur

**25%**  
afsláttur

Þirt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Umráðaréttur yfir Fjaðrárgljúfri kann að tilheyra fleiri jörðum en Heiði.

## Landeigendur til í að friðlýsa gljúfur

bth@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið segir að eigendur allra jarða sem eiga aðild að Fjaðrárgljúfri hafi lýst sig viljugum til að vinna að friðlýsingu gljúfursins.

Í frétt blaðsins í gær sagði fyrrum jarðeigandi við gljúfrið að umráðaréttur gljúfursins kynni að skiptast á nokkrar jarðir, ekki bara Heiði sem íslenskur viðskiptamaður hefur keypt.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er fullt samkomulag um málið meðal allra aðila. ■

## Sveitarfélög þurfi að standa saman

erlamaria@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Sveitarfélög úti á landi þurfa að taka sig saman og koma sameinuð að borðinu þegar kemur að úrbótum á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, að mati Írisar Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. Hún segir Utanspítalaþjónustu á borð við sjúkraflug sé gríðarlega ábótavant.



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

„Við hérna í Eyjum erum landfræðilega þannig stödd að við þurfum að geta bjargað okkur um ansi mikið. Ef staðan á að vera þannig að í Vestmannaeyjum sé ekki skurðstofa, verður sjúkraflug og aðgengi að þjónustu í Reykjavík að vera miklu betri en hún er í dag,“ segir Íris. ■

# Verkalýðsforystan spáir dimmu hausti

bth@frettabladid.is  
sbt@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Staða efnahagsmála er snúin þessa dagana en heimilin eru óvenju vel undir það búin að taka á sig áföll. Þetta segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Talsmenn verkalýðsins eru á allt öðru máli og boða aukna hörku ef ekki tekst að koma böndum á ástandið.

Katrín Jakobsdóttir segir að ráðstöfunartekjur heimilanna hafi aukist, meðal annars vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Vanskil hafi verið í lágmarki. Vandí hafi skapast vegna verðbólgu og vaxtahækkana



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

en aðstæður fólks til að bregðast við séu óvenju góðar. „En þetta er mjög snúið ástand,“ segir Katrín, sem segir stóra verkefnið að koma skikki á húsnæðismálin.

Vaxtahækkun Seðlabankans í gær vekur hörð viðbrögð verkalýðsforystunnar. „Þetta er endur-

tekið efni, þetta vaxtahækkunarferli, maður er orðinn langþreyttur á þessu ástandi, hvort sem ræðir um verðbólgu eða vexti,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Drífa segir að ástandið bitni á heimilum um allan heim. Þolinmæði vinnandi fólks sé á þrotum í vestrænum heimi. Átök séu víða í uppsiglingu eða orðin að veruleika.

„Vinnandi fólk þolir ekki svona gusur. Það er algjört óöryggi sem hlýst af því þegar afkoma fólks er ekki tryggð.“ Drífa segir veruleika íslenskra heimila stökkbreyttan vegna vaxtahækkana. Margir hafi breytt lánasamsetningu sinni og



## Forsætisráðherra segir heimilin óvenju vel búin undir áföll.

súpi nú seyðid af ástandi sem enginn hafi séð fyrir.

„Við trúðum að komið væri lágvaxtaumhverfi. Fólk tók óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum og nú hækka mánaðarlegar greiðslur ört og dynja miklu harðar á mörgum en þegar flest heimili voru með verðtryggð lán,“ segir Drífa. ■

# Fjórir bæjarstjórnarar utan Reykjavíkur með hærri laun en forsætisráðherra

Verið er að semja um laun bæjarstjóra og sveitarstjóra landsins. Kópavogur leiðir launaþróunina en Reykjavík er aðeins í fimmta sæti.

kristinnhaukur@frettabladid.is


**STJÓRNSÝSLA** Ásdís Kristjánsdóttir, nýræðinn bæjarstjóri Kópavogs, er með hæstu laun bæjar- og sveitarstjóra samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins á launakjörum í nokkrum fjölmennustu sveitarfélögunum, rúmar 2,5 milljónir króna. Sveitarfélögin eru um þessar mundir að semja við bæjarstjóra og margir þeirra fá hærri laun en ædstu embættismenn ríkisins.

Almar Guðmundsson, nýr bæjarstjóri Garðabæjar, er með tæpar 2,5 milljónir króna sem er lækkun því forveri hans, Gunnar Einarsson var kominn yfir 3 milljónir eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu. Í þriðja sæti er Kjartan Már Kjartansson í Reykjanesbæ með rúmar 2,4 milljónir.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er aðeins í fimmta sæti miðað við þá samninga sem fram eru komnir. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, fær um 160 þúsund krónum meira í laun en hann og er í fjórða sæti.

Hafa ber í huga að enn er ósamið við nokkra bæjarstjóra. Til að mynda Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, og Þór Sigurgeirsson, nýjan bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, en þessi tvö sveitarfélög hafa verið í fremstu röð þegar kemur að launaþróun. Enn á eftir að ráða bæjar-

## Hæst launuðustu bæjarstjórnarar landsins



## Hæstu launakjör embættismanna og kjörinna fulltrúa

Forseti Íslands	3.484.357
Forsætisráðherra	2.360.053
Seðlabankastjóri	2.190.253
Ráðherrar	2.131.788
Þingmenn	1.285.411

stjóra í mörgum sveitarfélögum. Til dæmis Mosfellsbæ, Norðurþingi og Fjallabyggð.

Launahæstu bæjarstjórnarar eru með hærri laun en ráðherrar og seðlabankastjóri. Hæstu fjórir, Ásdís, Almar, Kjartan Már og Ásthildur eru með hærri laun en Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.


Laun annarra bæjarstjóra sem Fréttablaðið kannaði eru í kringum 2 milljónir og virðist skipta litlu hversu fjölmenn sveitarfélögin eru. Til að mynda kosta laun Dags B. Eggertssonar hvern borgarbúa 16 krónur á

mánuði en hver íbúi Ölfuss greiðir Elliða Vignissyni 841 krónu. Munurinn er rúmlega fimmtíufaldur.

Formenn bæjarráða sjá um að semja við bæjarstjóra fyrir hönd sveitarfélagsins og í þremur tilfellum eru það einstaklingar sem þegar hefur verið ákveðið að taki við bæjarstjórnastarfinu á miðju kjörtímabili. Það er Valdimar Víðisson í Hafnarfirði, Bragi Bjarnason í Árborg og Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur. Þrátt fyrir þennan hagsmunaárekstur eru Árborg og Reykjavík ekki leiðandi í launaþróuninni.

Þó að heildarlaunaupphæðin sé oftast svipuð hjá bæjarstjórum landsins þá er afar mismunandi hvernig launin skiptast. Til að mynda eru grunnlaun hjá bæjarstjórum sem eru ráðnir utanaðkomandi oft hærri en hjá þeim sem sitja einnig sem bæjarfulltrúar og þiggja

## Kostnaður hvers íbúa við laun bæjarstjóra



laun sem slíkir. Þeim sem eru með lægri grunnlaun, til dæmis bæjarstjórnar Ísafjarðar og Múlaþings, er bætt það upp með föstum yfirvinnutímum.

Bílastyrkir eru afar mismunandi og virðist stærð sveitarfélaganna og fjarlægð frá helstu opinberu stofnunum ekki skipta neinu máli hvað það varðar. Til að mynda fær bæjarstjóri Kópavogs næstum 160 þúsund krónur í bílastyrk og bæjarstjóri Garðabæjar 105 þúsund. Bæjarstjóri Borgarbyggðar fær hins vegar 85 þúsund og bæjarstjóri Ísafjarðar aðeins 60 þúsund, þrátt fyrir að spanna 5 þéttbýliskjarna í töluverðri fjarlægð frá hvorum öðrum og frá helstu opinberu stofnunum landsins.

Í þessari óformlegu könnun Fréttablaðsins er ekki gert ráð fyrir öðrum hlunnindum bæjarstjóra. Svo sem síma, neti, áskriftum og ferðapeningum. ■

# EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID



Jeep

# MIDNÆTUR HLAUP

## SUZUKI

FIMMTUDAGINN  
23. JÚNÍ 2022

5 KM

10 KM

21 KM

### Sundlaugarparty

- ▶ frá 22:00 til 00:45
- ▶ Dj Danni Sæberg
- ▶ Ölgerðin svarar sundlaugargestum

RÆSING HEFST

21:00



Skráðu þig strax í dag á  
[midnaeturhlaup.is](http://midnaeturhlaup.is)

## Úrræðaleysi og röng stefnumótun á síðustu árum helsta orsök uppsagna

sbt@frettabladid.is  
thorgrimur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Stóran hluta uppsagna hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku Landspítalans má rekja til úrræðaleysis og rangrar stefnumótunar síðustu ára að sögn Helgu Rósu Másdóttur, deildarstjóra á bráðamóttökunni. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að tuttugu og fimm hjúkrunarfræðingar á bráðamóttöku hefðu sagt upp eða hætt störfum frá áramótum.

„Sjúklingar hláðast upp innan bráðamóttökunnar sem eiga að vera á legudeildum spítalans. Hjúkrunarfræðingar á bráðamóttökunni hafa þurft að sinna margföldum verkefnum og sjúklingafjölda langt yfir viðmiðum sem eðlileg geta talist. Ofan á óhöfleg verkefni er rýmið sem við vinnum í alls ekki gert fyrir slíkan fjölda sjúklinga eða aðstandenda, sem gerir starfsumhverfið afar óhagstætt og erfitt,“ segir Helga í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. Willum Þór Þórsson heilbrigðis-



Helga Rósa Másdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku Landspítalans

ráðherra lýsti áhyggjum af stöðunni í samtali við Fréttablaðið að loknum ríkisstjórnarfundum í gær. Hann segir málið til skoðunar, til skemmri og lengri tíma. „Við erum með landsráð í mönnun og menntun í heilbrigðiskerfinu til þess að halda utan um þetta,“ segir Willum.

Helga segir stöðuna hafa verið viðvarandi á bráðamóttökunni síðustu ár en að hún hafi farið versnandi síðasta árið. „Aðgerðir til að mæta þessum vanda þurfa að vera breiðar og vona ég að viðbragðs-teymi sem heilbrigðisráðherra hefur skipað komi til með að dreifa álagi betur um heilbrigðiskerfið og að sjúklingar fái rétta þjónustu, tím-anlega og á réttu þjónustustigi.“ ■



Nýja hjúkrunarheimilið í Árborg sem opnað verður fyrst heimilanna af þeim sem eru í lokafrágangi eða í undirbúningi. MYND/ÁSEND

## Rúmlega þrjátíu milljörðum varið í hundruð hjúkrunarrýma um landið

ser@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Að minnsta kosti 31 milljarði verður varið í smíði 582 hjúkrunarrýma í mörgum stærstu bæjarfélögum landsins á næstu fimm árum. Er þá búnaður heimilanna ótalinn.

Kostnaður á hvert rými, sem ýmist er fyrir einstaklinga eða hjón, er að meðaltali 55 milljónir króna að því er heimildir Fréttablaðsins herma. Það er Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir sem hafa umsjón með verkinu.

Fyrsta heimilið sem opnað verður

í þessari framkvæmdaáætlun er í Árborg, en þangað munu 60 íbúar flytja í haust. Önnur heimili eru á undirbúningsstigi en verða tekin í gagnid á árabílinu 2022 til 2027, en þau munu meðal annars rísa í Reykjavík, Reykjanesbæ, Hveragerði, Húsavík og Ísafirði.

Bygging nýja hjúkrunarheimilisins í Árborg hefur staðið yfir frá 2019. Útlit þess hefur vakið athygli, en húsið er hringlaga með innigardí. Öll herbergin eru einstaklingsherbergi sem bjóða upp á þann möguleika að hjón geti dvalið saman í herbergi. ■



Starfslok Eggerts hafa vakið úlfúð og undrun hjá þeim sem telja hann hafa skilað rekstrarlega góðu búi. Boðað hefur verið til hluthafafundar í Festi þar sem ræða á starfslok hans en ástæða þeirra er óljós. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ræða hallarbyltingu í Festi og endurráðningu Eggerts

Lífeyrissjóðirnir segja gegn eigendastefnu að tjá sig um hvort fráfarandi forstjóri eigi að snúa aftur. Birta áskilur sér þó rétt til að lýsa skoðunum á hluthafafundi 14. júlí næstkomandi.

bth@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Sumir hluthafar í Festi vilja rífta fyrri ákvörðun stjórnar félagsins og draga uppsögn Eggerts Þórs Kristóferssonar forstjóra til baka. Festi er félag á hlutabréfamarkaði og hefur Kauphöllin haft starfslok Eggerts til skoðunar undanfarið.

Stjórnin hefur orðið við kröfu hluthafa og hefur boðað til fundar 14. júlí. Mikil spennan er fyrir fundinn, ekki síst er eftirvænting eftir að sjá hvaða nýja fólk mun bjóða sig fram til stjórnarsetu áður en stjórn verður kosin á fundinum. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að markmið sumra hluthafa verði að leitast við að endurráða í stjórnina og taka upp viðræður við Eggert um að fá hann aftur til starfa.

Starfslok Eggerts hafa vakið úlfúð og undrun hjá þeim sem telja hann hafa skilað rekstrarlega góðu búi. Ástæða starfslokanna er enn óljós. Í yfirlýsingu stjórnar sagði áður en



Við áskiljum okkur fullan rétt til að fara á hluthafafund til að segja okkar skoðun.

samþykkt var að halda hluthafafund vegna málsins, að erfitt væri að taka samtöl í smáatriðum á hluthafafundi, þar sem til staðar væru auk hluthafa, fjölmiðlar og fulltrúar samkeppnisaðila.

Lífeyrissjóðirnir eiga um 70 prósent í Festi. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Birtu sem á stóran hlut í Festi, segir að Birta muni ekki með beinum hætti tjá sig um hvort vilji sé til þess að Eggert snúi aftur til starfa.

„Mitt umboð sækir ég til formanns og varaformanns Birtu milli stjórnarfundar, en samkvæmt eigendastefnu höfum við ekki afskipti af ráðningum fólks í skráðum félögum,“ segir Ólafur. „En við áskiljum okkur fullan rétt til að fara á hluthafafund til að segja okkar skoðun,“ bætir hann við.

Lífeyrissjóðir sem eiga hlutafé á markaði tengjast Samtökum atvinnulífsins og hefur verið umræða meðal hluthafa um að það kunni að bjaga þá stöðu sem nú er uppi ef stór hluti hluthafa fylgist þögull með athöfnun einkahluthafanna. Segir einn viðmælandi Fréttablaðsins að þegar framboð til stjórnar birtist fyrir hluthafafundinn í júlí muni ákveðin leikjafraði fara í gang. ■



Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Birtu

## Meira en þúsund látin eftir jarðskjálfta í Afganistan

thorgrimur@frettabladid.is

**AFGANISTAN** Að minnsta kosti þúsund manns létust í jarðskjálfta í Afganistan í gær. Jarðskjálftinn mældist um 6,1 stig að stærð og voru upptök hans um 45 kílómetra suðvestan við borgina Khost, héraðshöfuðborg í suðausturhluta landsins. Griðarleg eyðilegging varð í Paktika-héraðinu, sem á landamæri að Pakistan. Þetta er mannskæðasti jarðskjálfti landsins í rúma tvo áratugi.

Fjöldi húsa hefur verið lagður í rúst og talið er að tala látinna kunni að hækka eftir því sem fleiri lík finnast undir húsarústum og þar sem mörg svæðanna sem urðu fyrir skemmdum eru afskekkt og langt frá viðbragðsþjónustu stjórnvalda. Ramiz Alakbarov, sérstökum aðstoðarfulltrúa Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, taldist svo til að tæplega 2.000 heimili hafi verið eyðilögð í skjálftanum.



Afganir við húsarústir í Paktika eftir jarðskjálftann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Afganistan er enn að ná sér eftir margra áratuga stríðsátök og hefur glímt við efnahagskreppu frá því að Talibanar sneru aftur til valda samhliða brottför bandaríska hersins frá landinu í fyrra. Eftir endurkomu Talibana á valdastól hafa mörg ríki dregið úr þróunarhjálp til landsins

og beitt afganska banka viðskiptaþvingunum.

„Ríkisstjórnin starfar eftir bestu getu,“ skrifaði Anas Haqqani, háttsettur Talibani, á Twitter. „Við vonum að alþjóðasamfélagið og hjálparamtök hjálpi þjóðinni okkar í þessum erfiðu aðstæðum.“ ■

**MEGA VÍKA**  
1790 kr.

NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



# VALENTINO

VALENTINO-BEAUTY.COM



## BORN IN ROMA CORAL FANTASY

THE NEW FRAGRANCES  
FOR HER, FOR HIM, FOR THEM



**20% afsláttur**  
af öllum VALENTINO vörum  
23. - 29. júní

**HAGKAUP**



Eigendur rafbíla eru farnir að reka sig á hve torsótt getur verið að stinga í samband víða um land.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
PJETUR

# Eigendur rafbíla argir yfir of fáum hleðslustöðvum

Hleðslustöðvar fyrir rafbíla anna illa eftirspurn úti á landi. Dæmi eru um að langar bíðraðir myndist við vegasjoppur og fjölfarna ferðamannastaði. Orkuskipti bílaflotans kalla á skýra stefnu stjórnvalda og breyttar ferðavenjur, að mati sérfræðinga.

ggunnars@frettabladid.is

Nú þegar ferðasumarið er hafið fyrir alvöru eru eigendur rafbíla farnir að reka sig á hve torsótt getur verið að stinga slíkum bílum í samband víða um land. Bíðin eftir hraðhleðslu við vinsælar vegasjoppur getur verið æði löng þegar stórar ferðahelgar ganga í garð.

„Við finnum vel fyrir þessu hér fyrir norðan. Það myndast langar bíðraðir við þessar fáu stöðvar sem hér eru þegar fjölga í bænum,“ segir Ottó Eliasson, rannsókn- og þróunarstjóri hjá Eimi á Akureyri.

„En það er einmitt mikilvægur punktur í þessu. Vandamálið er ekki almenna notkunin. Núverandi net hleðslustöðva stendur vel undir hefðbundinni notkun frá degi til dags því flestir eigendur rafbíla eru með stöðvar heima hjá sér.“

„Þessir toppar myndast þegar landinn fer í sumarfrí. Þá anna hleðslustöðvarnar ekki eftirspurn. Það er alveg ljóst að bíðin eftir hraðhleðslu í sumarfríinu er að lengjast. Rafbílaeigendum til mikillar armæðu.“

Að mati Ottós er það ekki endilega sjálfgefið að orkuþörfin eigi að taka mið af örfáum toppum sem myndast þegar þúsundir rafbíla streyma inn á eitt landsvæði að sumri til.

„Ég er þeirrar skoðunar að orkuskiptin muni á endanum fá okkur til að endurhugsa ferðavenjur okkar. Það er ekkert endilega skynsamlegt að nálgast þessa mikilvægu samfélagsbreytingu með hugarfari dísiltrucksins. Orkuskiptin, og

”

Það er ekkert endilega skynsamlegt að nálgast þessar breytingar með hugarfari dísiltrucksins.



Ottó Eliasson, rannsókn- og þróunarstjóri hjá Eimi

loftslagsmál í heild sinni, snúast líka um ábyrgð og hegðunarmynstur,“ segir Ottó.


Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu eru hátt í 15 þúsund rafbílur á skrá á Íslandi

Hleðslustöðvarnar sem standa eigendum þessara 15 þúsund bíla til boða hringinn í kringum landið eru um 250 talsins. Þar af eru 76 stöðvar sem bjóða upp á svokallaða hraðhleðslu. Af þeim eru 16 á höfuðborgarsvæðinu, en eftir því sem lengra er haldið frá suðvesturhorninu fjölga kílómetrunum á milli stöðva.

Lengsta vegalend á milli tveggja hraðhleðslustöðva er á Vestfjörðum. Frá stöðinni á Ísafirði og að næstu hraðhleðslu á Hólmavík eru 223 kílómetrar. Eina haldreipi rafbílsins á þeirri leið eru tvær smærri stöðvar í Ísafjarðardjúpi. En þar er tímafrekt að hlaða.

Tómas Kristjánsson er formaður Rafbílasambands Íslands og hann,

Hraðhleðslustöðvar um allt land eru 76 talsins



líkt og Ottó, kannast vel við þessa umræðu. Hann segist reglulega fá fregnir af pirruðum eigendum rafbíla í bíðröð á erilsömum föstudegi úti á landi.

„Ég myndi ekki kalla þetta neyðarástand, en þetta er sannarlega leiðinlegt ástand. Ég skil vel að þetta leggjst illa í fólk og valdi ergelsi.“

Þótt hleðslustöðvum hafi fjölgað að undanförunu segir Tómas enn langt í land. „Við erum að ganga í gegnum ákveðið tímabil ójafnvægis í þessu tilliti. Bílaflotinn hefur einfaldlega vaxið mun hraðar en innviðirnir.“

Hann segir mikilvægt að átta sig á því hvað þurfi til svo hægt verði að stytta bíðtíma eftir hleðslu um allt land.

„Í fyrsta lagi þá eru þetta allt einkaaðilar sem reka þessar stöðvar. Ég skil vel að þeir eigi erfitt með að réttlæta milljarða fjárfestingu til þess eins að standa undir álagi sem skapast kannski nokkrum sinnum yfir hásumarið. Tekjumódelið þeirra þarf að ganga upp.“

„En svo er önnur og mun stærri breyta í þessu og hún hefur með það að gera hvernig við ætlum að hafa þetta til frambúðar og halda í við fjölgun rafbíla næstu ár og áratugi.“

”

Við verðum að fara að horfa lengra fram í tímann og vinna eftir skýrri stefnu. Það er það sem allir eru að kalla eftir.



Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands

Tómas segir Ísland skorta langtíma stefnu. „Öll uppbygging innvíða byggir á því að stjórnvöld teikni upp skrefin sem við ætlum að taka og hvernig þau sjá orkuskipti bílaflotans fyrir sér.“

„Ef við værum með stefnu til ársins 2030, sem hægt væri að vinna eftir, þá gætu þeir sem þurfa að hugsa um tekjumódel gert sín plön í samræmi við það. Það myndi stuðla að ákveðnu jafnvægi og flýta fyrir uppbyggingu. Það gildir í þessum umskiptum eins og öðrum.“

Niðurfelling á virðisaukaskatti nýrra rafbíla er gott dæmi um lausatök í málaflöknum að mati Tómasar.

„Þangað til í síðustu viku vissum við ekki betur en að sú aðgerð myndi renna sitt skeið og verð á nýjum rafbílum rjúka upp. Svo rétt fyrir þinglok er tekin ákvörðun um að framlengja úrræðið fram á haust.“

„Það eru þessir plástrar og þessi skammtímahugsun sem veldur því að uppbyggingin höktir. Við verðum að fara að horfa lengra fram í tímann og vinna eftir skýrri stefnu. Það er það sem allir þeir sem tengjast rafvæðingu bílaflotans eru að kalla eftir,“ segir Tómas. ■



VILDARKORT LINDAR:

30%  
AFSLÁTTUR



HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:



DORMA



VÍDD



#### DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Jón og Gunna eru ungt par sem keypti sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu í búðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:  
**687.368 kr.**

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Í hana vantaði öll ljós, parket og gardínur og sófinn sem hún átti var of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið**, sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu spöruðu hún sér:  
**458.978 kr.**

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Beta bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:  
**1.442.500 kr.**

## Markaðsaðstæður á fasteignamarkaði í dag eru óvenjulegar

Það hafa aldrei verið færri eignir til sölu, sérstaklega þar sem fólk finnur ekki réttu eignina áður en það setur sína eigin á sölu. Það eru nokkrar leiðir færar til að leysa þessi mál sem við getum kynnt fyrir þér.

➤ **Settu heimilið þitt á sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili handa þér áður en þú selur.**

Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat ásamt lýsingu á eigninni. Jafnframt mætum við með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur setjum við allt á fullt og hjálpum þér við kaupin á nýju heimili.

➤ **Ef við finnum ekki nýtt heimili, né seljum það gamla, tökum við enga þóknun fyrir.**

Skráðu eignina eða fáðu tilboð í þjónustu og lausnir á [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratuga reynslu á öllum aldri, allt **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynjahlutfall tryggir það að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

**Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum.  
**Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.  
**Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum.  
**Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu.  
**S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.  
**Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.  
**Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.  
**Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum..  
**Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.  
**ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4  
Sími: 510 7900  
[www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Mögulega átt að byrja að hækka vexti fyrir



Magdalena Anna Torfadóttir  
magdalena@frettabladid.is

Seðlabankastjóri segir mikilvægt að tekin sé stór skref nú strax þegar kemur að vaxtahækkunum, til að stemma stigu við verðbólgunni og koma böndum á fasteignamarkaðinn. Tilkynnt var í gær að stýrivextir yrðu hækkaðir um 1 prósentustig.

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær að stýrivextir yrðu hækkaðir um 1 prósentustig og standa þeir því nú í 4,75 prósentum.

Í tilkynningu frá nefndinni kemur fram að nefndin telji líklegt að herða þurfi taumhald peningastefnunnar enn frekar til að tryggja að verðbólga hjaðni í sett markmið innan ásættanlegs tíma.

Í samtali við Markaðinn segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri að mögulega hefði Seðlabankinn átt að byrja að hækka vexti fyrir. „Við vorum náttúrulega fyrst til þess að byrja að hækka vexti af seðlabönkum vestrænna ríkja. Ef við hefðum séð fyrir stríðið í Úkraínu og fleira þá hefðum við mögulega hækkað hraðar,“ segir Ásgeir og bætir við að peningastefnunefndin hafi talið mikilvægt að taka stór skref nú strax til að ná stjórn á atburðarásinni. Verðbólgan sé komin í 7,6 prósent og gert sé ráð fyrir að hún muni hækka enn frekar á komandi misserum. Þá hafi fasteignaverð hækkað töluvert um undanförunu.

Aðspurður hvort hann telji að aðgerðir Seðlabankans muni hafa tilætluð áhrif segir Ásgeir að hann telji svo vera.

„Ég tel að þessar vaxtahækkunarir og líka ákvörðun fjármála- og vaxtaáhrifnefndar í síðustu viku varðandi lánþegaskilyrðin muni hægja á fasteignamarkaðinum að endingu. Hins vegar þá hefur framboðið af fasteignum minnkað mjög mikið á þessu ári og minnkað meira en við gerðum ráð fyrir. Þannig að ég tel að þessar aðgerðir muni hafa áhrif. Þær muni kæla fasteignamarkaðinn og ná að stemma stigu við verðbólgunni. Þó svo að halda verði því til haga að áhrifin af þessum aðgerðum á fasteignamarkaði komi ekki fram fyrir en eftir tvo til þrjú mánuði.“

Ásgeir segir auk þess að það skipti sköpum að auka framboðið á fasteignamarkaði.

„Við erum með nóg pláss til þess að byggja, þannig að það er mikilvægt að ráðast í það. Ég veit ekki hvort fasteignaverð lækki að nafnvirði komi meira framboð inn á markaðinn, en það mun mögulega lækka að raunvirði. Ef það kemst sémileg ró á fasteignamarkaðinn



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir að ef það komist ró á fasteignamarkaðinn nú í haust þá muni það leggja grunn að verðbólguhjöldun á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

nú í haust þá mun það leggja grunn að verðbólguhjöldun á næsta ári.“

Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferli í maí 2019 í kjölfar efnahagsáfalla í kjölfar samdráttar í ferðaþjónustu eftir fall WOW Air og minni útflutnings sjávarafurða vegna loðnubrests. Í kjölfar Covid-faraldursins voru vextir bankans lækkaðir um 2 prósent og náðu sögulegu lágmarki í 0,75 prósentum.

Ásgeir segir að þær aðgerðir sem Seðlabankinn réðist í á þeim tímapunkti hafi verið nauðsynlegar og hafi heppnast virkilega vel.

„Við vorum að bregðast við forðum þess að til að standa vörð um efnahagslífið og lífskjör í landinu. Okkur heppnaðist að vernda kaupmátt og verkalýðsfélögin ættu að vera ánægð með þessar aðgerðir og þær sem við erum að beita nú.“

Ásgeir bætir við að Seðlabankinn sé að vinna með verkalýðshreyfingunni.

„Seðlabankinn tók stöðu með vinnandi fólki á Covid-tímanum, til þess að mæta efnahagsáfallinu og tryggja kaupmátt launa. Nú gerum við það sama með því að berjast á móti verðbólgu og þessum þenslutímum. Við erum að tryggja að

## Mikilvægt að ná hallanum á ríkissjóði niður

Ásgeir segir mikilvægt að stjórnvöld beiti sér til að ná hallanum á ríkissjóði niður.

„Það þarf að ná hallanum niður hvernig sem þau fara að því. Það gerist að einhverju leyti sjálfkrafa því að eftir því sem hagkerfið tekur við sér hafa tekjurnar verið að vaxa. Það gerir það að verkum að hallinn er að verða skárrí. Mögulega er nóg að halda aftur af útgjöldum en ekki minnka þau en það er mikilvægt að ríkisstjórnin taki mið af þessu efnahagsástandi.“

aðilar vinnumarkaðarins geti gert kjarasamninga án þess að þurfa að óttast viðvarandi verðbólgu. Hinn kosturinn er að fasteignaverð hækki meira og við sjáum verðbólgunu naga niður lífskjör í landinu.“

Aðspurður hvort hann hafi áhyggjur af því að við séum að sigla inn í erfiða kjarasamningslotu í haust segir Ásgeir bæði já og nei.

„Ég trúir því að íslensk verkalýðsfélög séu skynsöm og séu að

lesa stöðuna ekkert ósvipað og við erum að gera í Seðlabankanum. Það stendur á okkur hér í Seðlabankanum að sýna svart á hvítu að okkur sé alvara að ná verðbólgunni niður þannig að hún trufla ekki næstu kjarasamninga.“

Ásgeir segir það vera fagnaðarefni að erlendir seðlabankar séu farnir að hækka vexti og taka stöðuna alvarlega.

„Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað nýverið að hækka vexti um 75 punkta og við fögnum því þar sem það gerir það að verkum að við erum að vinna í samhengi við aðrar þjóðir. Þetta þýðir að við getum hækkað vexti og beitt vaxtatakinu án þess að hafa áhyggjur af því að gengi krónunnar fari úr jafnvægi.“

Ásgeir segir jafnframt að staðan sé þannig að Ísland sé ekki einhver verðbólguþyja eins og hún var. Verðbólgan hérlandis er nú í samhengi við það sem þekkist erlendis.

„Það er alls staðar verið að tala um þessi sömu mál. Það er að segja hækkan á fasteignaverði, hækkan á hrávörum og svo framvegis. Við megum ekki gleyma því að staðan á Íslandi er mjög góð að mörgu leyti. Við þurfum bara að gæta þess að fara ekki fram úr okkur og vinna saman en ekki í sundur.“ ■



Við erum að tryggja að aðilar vinnumarkaðarins geti gert kjarasamninga án þess að þurfa að óttast viðvarandi verðbólgu.

# Umsvif Controlant minnki ekki þótt Covid renni sitt skeið

magdalena@frettabladid.is

Nýsköpunarfyrirtækið Controlant gegndi lykilhlutverki í að þróa tækni sem nýttist Pfizer við dreifingu á bóluefni við Covid-19. Tekjur hátæknifyrirtækisins Controlant tífölduðust á árinu 2021 og námu rúmlega 68 milljónum Bandaríkjadala eða um 9 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður (EBITDA) nam um 24 milljónum dala eða um 3 milljörðum króna. Hagnaður af starfsemi nam 10,6 milljónum dala, eða tæpum 1,4 milljörðum króna, sem er verulegur vöðungur frá fyrra ári þegar 10,2 milljóna dala tap varð af rekstrinum.

Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant, segir að þó svo að við sjáum fyrir endann á Covid þá muni umsvif fyrirtækisins ekki minnka.

„Fyrir Covid vorum við búin að semja við fimm stærstu lyfjafyrir-



Við búumst við tvöföldun á tekjum á þessu ári miðað við síðasta ár og áframhaldandi vexti hjá okkur.

tækni í heiminum og fleiri hafa bæst við í gegnum Covid. Þegar Covid rennur sitt skeið þá getum við einblínt á að uppfylla alla samninga sem við höfum og klára innleiðingar fyrir þessu stóru lyfjafyrirtæki,“ segir Gísli og bætir við að það hafi verið mikill undirliggjandi vöxtur



Gísli Herjólfsson segir að mikill undirliggjandi vöxtur sé hjá fyrirtækinu fyrir utan þann vöxt sem Covid hafði í för með sér

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hjá fyrirtækinu fyrir utan þann vöxt sem Covid hafði í för með sér. „Við búumst við tvöföldun á tekjum á þessu ári miðað við síðasta ár og áframhaldandi vexti hjá okkur. Það er mikið í gangi og ekki alveg farið að hægjast á Covid strax. Við erum með okkar kjarnakúnnahóp og erum að hjálpa þeim að minnka soun og sjálfvirkni væða dreifinguna. Við erum líka að fara inn á aðra markaði eins og matvælagæirann. Það er mikið sem á eftir að ávinnast þar þegar kemur að því að minnka matarsoun og þar liggja tækifærin.“

Aðspurður hvern sé lykillinn að framtíðarvexti fyrirtækisins segir Gísli að það sé að þróa tæknina enn meira, en stærstur hluti af rekstrar-kostnaði þeirra fer í vörubröun, að sögn Gísla.

„Við þurfum að auka vöruframboðið meira. Einnig að sækja fram í fleiri geirum.“ ■

# Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 23.-26. júní

## Grill-tvenna

Lambmjöðm & nauta-rumpsteik

**2.399** kr/kg

3.999 kr/kg

KJÖTSEL

40%



SS



30%

Lamba-fillet í hvítlauks- og piparkryddlegi

**3.849** kr/kg

5.499 kr/kg

30%



Vínberjatvenna 500 g

**405** kr/pk

579 kr/pk

KJÖTBANKINN

30%



Nauta ribeye-steik, heil, frosin

**3.989** kr/kg

5.699 kr/kg



25%



Nauta ribeye-steik, heil, frosin

**3.449** kr/kg

4.598 kr/kg

STJÖRN GRIS

30%



Brönstvenna, pylsur & beikon

**1.329** kr/pk

1.899 kr/pk

40%



Kalkúnalæri með kryddsmjöri

**1.799** kr/kg

2.999 kr/pk

Heilsuvara vikunnar

25%



Active joints Eylif, 90 hylki

**3.112** kr/pk

4.149 kr/pk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Aðgerðir, loksins



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Það er ánægjulegt að heyra af aðgerðaáætlun stjórnvalda í mál-efnum eldra fólks á Íslandi, en hún var tilkynnt með nokkurri viðhöfn á Kjarvalsstöðum á þriðjudag. Þar undirrituðu ráðherrar fjármála, félagsmála og heilbrigðismála yfirlýsingu um heildarendurskoðun á þjónustu við þennan stóra hóp landsmanna.

Stjórnvöld á öllum tímum þurfa gagnrýni og aðhald, en það verður einnig að hrósa þeim þegar það á við. Og það er við hæfi af þessu tilefni þegar blásið er í herlúðra og málaflökkurinn fær þá athygli sem hann á skilið.

Þjónusta við aldraða landsmenn hefur verið í skötulíki á mörgum sviðum og stirt og óþjált kerfi hins opinbera hefur oft og tíðum verið beinlínis mannfjandsamlegt þegar kemur að kjörum þessa fólks sem margt býr við einmanaleika og geðlægd – og getur fyrir vikið ekki notið efri árána.

Þessi sleifarhátur hefur ekki síst stafað af því að kerfin, sem kunna að vera ágæt út af fyrir sig, tala ekki saman. Málafni eldra fólks er að finna í ekki færri en fjórum ráðuneytum og opinber þjónusta við hópinn er ýmist á hendi ríkisins eða sveitarfélaga.

Þar hefur vandinn legið um langt árabil – og nú loksins á að taka á honum með því að samhæfa þjónustuna við aldraða svo þeir verði ekki strandaglópar á mörkum ríkis og bæja.

Þá á einnig að taka á húsnæðisvanda fólks á þessum aldri, en hann hefur verið ærinn á undanliðnum áratugum og versnað á allra síðustu árum, ekki síst sakir þess að þær úrlausnir sem eru í boði eru ýmist of dýrar eða úr takti við væntingar eldra fólks á nýrri öld.

Allt of margt af því er beinlínis innlyksa í sérbylí sínu, gjarnan of stóru, af því það er aftarlega á biðlistum eftir öðru úrræði. Og ástæðu þess má rekja til þess að enn aðrir búa allt of lengi á hjúkrunarheimilum, sem er ein kostnaðarsamasta heilbrigðisþjónustan, af því að ekki er öðrum dvalarúrræðum til að dreifa. Loks hrist hópur fólks á göngum spítalanna sem hefur í engin önnur hús að venda.

Það er ekki seinna vænna að taka til hendinni í þessum mikilvæga málaflökki. Mannfjöldaspa Hagstofunnar gerir ráð fyrir því að tuttugu prósent þjóðarinnar verði eldri borgarar árið 2039 og tuttugu og fimm prósent hennar verði í þeim hópi árið 2059. ■

„  
Þjónusta við aldraða landsmenn hefur verið í skötulíki á mörgum sviðum og stirt og óþjált kerfi hins opinbera hefur oft og tíðum verið beinlínis mannfjandsamlegt.“

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Friðað

Ekki taldi ríkið sig hafa efni á því að kaupa eina helstu náttúrugersemi þjóðarinnar, Fjaðrárgljúfur í Skaftárheppi og nýtti þar ekki forkaupsrétt sinn í þeim efnunum. En klókur má ráðherra umhverfismála vera með því að koma sér í samband við kaupandann að landinu mikla í austri og gera við hann svolitinn samning um friðun svæðisins með þeim skilmálum að almenningur megi þar stunda frjálsa för. Þetta heitir að ná sínu fram án þess að borga krónu fyrir það. Spurning hvort viðkomandi ráðherra eigi að flytja sig yfir í fjármálaráðuneytið.

### Greiðsla

Annars fer hver og einn landsmaður – svo og allir útlendingarnir sem hér eru að fylla dali og heiðar – að verða síðastur til að komast frítt inn á téðar náttúrugersemur. Það er af því að þegar Íslendingar fá eitthvað á heilann ganga þeir alla leið í þráhyggjunni.

Og viti menn, ef einn landeigandi byrjar á því að rukka inn á perluna sína, þá fara aðrir af stað. Ef eitthvað er víst á Íslandi, þá er það svo. Þess vegna setja nú Mývetningar sig í stellingar í þessum efnunum – og þegar gjaldskúrinn verður reistur bæði við Hveraröndina og Hverfjall, í anda Kersins, hefst skúravæðingun fyrst fyrir alvöru. ■

## Leigumarkaður í jafnvægi



Sigurður Ingi Jóhannsson  
innviðaráðherra

Aukið var við framboð leiguíbúða í vikunni þegar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutaði fyrri úthlutun stofnframlaga fyrir árið 2022. Þetta er mikilvæg innspýting í framboð á leigumarkaði en á þessu ári hafa 550 hagkvæmar leiguíbúðir verið teknar í notkun, það eru 40% af öllum nýjum íbúðum sem komið hafa á markað á árinu. Landsbyggðin er stór þátttakandi í uppbyggingu á leiguhúsnæði sem styrkt eru með stofnframlögum.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir stofnframlögum en á síðasta ári náðist þó ekki að úthluta öllu því fjármagni sem heimildir voru fyrir í fjárlögum. Var skortur á byggingarhæfum lóðum einna helst skýringin. Stofnframlög skapa hvata til að auka framboð af leiguhúsnæði og er framlag ríkis og sveitarfélaga til kaupa eða byggingar á íbúðum til leigu fyrir einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum. Það er sérlega ánægjulegt að sjá að yfir 30 sveitarfélög víða um land sameinast um þessa mikilvægu lausn með því að setja á stofn sameiginlegt óhagnaðardrifið leigufélag og veita þar með sterka viðspyrnu gegn hækkanum á leigumarkaði.

Það er ríkisstjórninni mikið hagsmunamál að stuðla að bættri stöðu fólks. Í gegnum stofnframlög hafa nú þegar verið byggðar 1.550 íbúðir og er annað eins í byggingu. Í fyrri úthlutun ársins 2022 hefur HMS úthlutað 2,6 milljónum til uppbyggingar á 328 íbúðum en því til viðbótar bætist við framlag frá sveitarfélögum.

Leiguíbúðirnar dreifast víða um land og hefur hlutfall íbúða á landsbyggðinni aldrei verið hærra, eða 46%. Af þeim 328 íbúðum sem úthlutun ársins nær til stendur til að byggja 279 nýjar íbúðir en kaupa 49 nýjar og eldri íbúðir. Íbúðirnar verða allar að standast kröfur um hagkvæmni, en með því eru stjórnvöld að skapa hvata fyrir aukid framboð slíkra íbúða. Sameiginleg sýn ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu íbúða til samræmis við þörf til næstu ára mun skipta sköpum til að ná og halda jafnvægi á húsnæðismarkaði. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!

Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is

# Orkuskiptin fara í biðflokk

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Með afgreiðslu rammaáætlunar ákvæð ríkisstjórnin að setja metnaðarríkt markmið um algjör orkuskipti fyrir 2040 í fleytifullan biðflokk pólitískra ákvarðana.

Ofsagt væri að markmiðinu hafi beinlínis verið stútað. En líkurnar á að það náist eru hverfandi.

Umhverfisráðherra sagði sjálfur á dögnum að Ísland hefði dregist aftur úr öðrum þjóðum í loftslagsmálum. Afgreiðsla rammaáætlunar breytir í engu þeirri stöðu.

### Firra

Sú gagnrýni er réttmæt að verkefni voru færð bæði úr nýtingarflokki og verndarflokki í biðflokk án ríkra faglegra raka. Hitt er firra að afgreiðsla rammaáætlunar í heild hafi verið óskaplegur náttúruverndarósigur VG.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, vinnumarkaðs- og félagsmálaráðherra, var nær veruleikanum þegar hann sagði: „Þetta er biðleikur í náttúruvernd.“ Afgreiðsla rammaáætlunar staðfesti einfaldlega að VG er meiri náttúruverndarflokkur en loftslagsverndarflokkur. Þess vegna er markmiðið um orkuskipti í uppnámi.

Guðlaugur Þór Þórðarson fór vel af stað í nýju ráðuneyti. En hann hefur ekki haft stuðning í eigin þingflokki til að knýja VG til ákvarðana um tengingu milli orkuöflunar og markmiða stjórnarsáttmálans um orkuskipti og hagvöxt. Það hefði raskað stöðugleika samstarfsins.

### Einsdæmi

Hér þarf líka að hafa í huga að í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að umhverfisráðherra þurfi að hafa samvinnu við forsætisráðherra um mál, sem undir hann heyra.

Samvinna ráðherra hefur alltaf þótt svo sjálfsögð að aldrei fyrr hefur verið samið um hana sérstaklega.

Þetta einstæða ákvæði bendir til þess að pólitískt fari VG og



Hitt er firra að afgreiðsla rammaáætlunar í heild hafi verið óskaplegur náttúruverndarósigur VG.

Sjálfstæðisflokkur saman með málefni þessa ráðuneytis, þó að stjórnskipuleg ábyrgð umhverfisráðherra sé ljós.

### Framsókn

Framsókn er sá stjórnarflokkanna, sem ákafast hefur talað fyrir virkjunum til að tryggja orkuskipti og hagvöxt.

Þessi sjónarmið urðu undir. Hafi einhver stjórnarflokkanna tapað málefnalega er það Framsókn.

En svo er hitt að hún hefur stóraukið fylgi sitt með því að lýsa sérstöðu í heitum málum en samþykka eigi að síður niðurstöðu jaðarflokkanna.

### Græna skýrslan

Kjarni málsins er sá að ný rammaáætlun svarar í engu þeim skýru spurningum, sem beint er til ríkisstjórnarinnar í grænu skýrslunni frá því í mars um „stöðu og áskoranir í orkumálum með vísan til markmiða og áherslna stjórnvalda í loftslagsmálum.“

Einn þingsti áfellingdómur skýrslunnar yfir ríkisstjórn, sem setið hefur í fimm ár, er þessi: „Fjárfestingar í orkuframkvæmdum hafa hingað til ekki fylgt eftir markmiðum í loftslagsmálum.“

Samkvæmt eldri heimildum fer Hvammsvirkjun væntanlega af stað í haust. En stóra myndin er sú að ríkisstjórnin flytur verkefni

úr nýtingarflokki í biðflokk þegar aðeins 17 ár eru til loka orkuskipta.

Þar af leiðandi getur hún ekki sýnt fram á klár áform um nægjanlega orkuöflun til að útrýma jarðefnaeldsneyti á Íslandi fyrir 2040 og standa um leið við yfirskrift stjórnarsáttmálans um „vöxt til velferðar“ með nýsköpun í líftækni, orkufrekri matvælaframleiðslu, landeldi á fiski og framleiðslu rafeldsneytis.

### Leiðir

Í grænu skýrslunni kemur fram að til þess að ná þessum markmiðum stjórnarsáttmálans um græna iðnbýltingu og orkuskipti þarf að auka rafafli sem nemur 100 MW á hverju einasta ári næstu tvo áratugi.

Þetta er stór tala en ekki heilög. Það er hægt að nálgast loftslagsmarkmiðin eftir annarri leið.

Þá þarf að draga úr flugsamgöngum og minnka ferðaþjónustu eða loka álverum, kaupa rafeldsneyti erlendis í stað þess að framleiða það hér heima og rífa verulega seglin í nýsköpunaráformum. Jafnframt yrði að semja við launafólk um að miða launakröfur við minni hagvöxt eða jafnvel alls engan og gleyma neikvæðum áhrifum skulda ríkissjóðs á velferðarkerfið.

Græna skýrslan segir að ríkisstjórnin þurfi að velja leið. En það bara gerir hún ekki þrátt fyrir „vandaða“ umhugsun í fimm ár.

### Pólitik

Í dag erum við nær samdráttarleiðinni en „vexti til velferðar“, ef halda á fast í loftslagsmarkmiðin. Hitt er þó líklegra að þeim verði fórnað.

Þetta er afleiðing af því eðli samstarfs jaðarflokkanna að setja stórar ákvarðanir í biðflokk.

Pólitik er hins vegar að gera upp á milli markmiða þegar þau stangast á. ■

## Það vantar vinnandi fólk



Úrsúla Jünemann kennari á eftirlaunum og mannvínur

Þegar ég flutti til Íslands fyrir rúmlega 40 árum var þjóðin mjög einseleit að sjá. Það sást varla neinn einstaklingur með dökka húð, svart hár og framandi klæðaburð. Ég var svo heppin að passa inn í munstrið með mína fölu húð og frekar ljóst hár. Ég kunni ekki bofs í tungumálinu en fékk samt dvalar- og atvinnuleyfi, komst inn í háskóla til að læra íslensku og aflaði mér seinna réttinda til að sinna leiðsögumannstarfi. Kennaramenntun mín var viðurkennd og gat ég stundað þetta starf um leið og ég var ról-fær í íslenskunni. Að visu varð ég

stundum fyrir aðkasti þegar mér sem þjóðverja var heilsað með „heil Hitler“. En sumir hafa bara gaman af því að finna að einhverju.

Hvar væri ég stödd í dag ef ég kæmi til landsins og vildi búa hér og starfa, væri af öðrum kynstofni með dökka húð eða vildi kannski hylja hár mitt vegna trúarinnar? Myndi dómsmálaráðherrann senda mig úr landi?

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefur hafið stríð gegn innflytjendum, ætlað að henda stórum hópi héðan út í óvissu. Margir þeirra hafa unnið hér og fest rætur, lært íslensku og engum verið til ama. Þessi maður er gamaldags, skelfilega íhaldssamur og best er að losna við hann sem fyrst. Eins gott að hans ráðherratið er að ljúka, enda hefur hann gert lítið gagn heldur verið til vandræða, líka í sínum eigin flokki. Hann mun bráðum fara á feat eftirlaun vegna flokkshollustu sinnar og verði honum bara að góðu.

Nýleg könnun á viðhorfum til

innflytjenda sýnir að meirihluti þeirra sem tók þátt er jákvæður í þeirra garð. Það er helst eldri kynslóðin, 65 ára og eldri, sem er frekar neikvæð. En það er víst erfitt að kenna gömlum hundum að sitja. Gleðilegt er að unga kynslóðin er upp til hópa hlynt því að fólk frá öðrum og líka framandi löndum setjist hér að. Þessir einstaklingar munu opna sjóndeildarhring okkar, auka umburðarlyndi og vísýni.

Furðulegast af öllu er svo að Samtök atvinnulífsins eru núna að kvarta hástöfum yfir því að það vanti starfsfólk á mjög mörgum stöðum og illa gangi að manna fyrirtækin. Það er haft eftir framkvæmdastjóranum Halldóri Benjamín í Fréttablaðinu þann 16.6. „að vaxandi mannekla hvíli mjög þungt á fólk í nær öllum atvinnugreinum“. Hvernig í ósköpum dettur þá dómsmálaráðherra í hug að vísa fjölda fólks úr landi, fólk sem er fúst til þess að vinna hér og gera gagn? ■



FRÉTTA  
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut og frettablaðið.is



HRINGBRAUT

# Erum betri í að stjórna leikjum en áður

17  
DAGAR Í  
EM KVENNA  
Í FÓTBOLTA

Rangæingurinn Dagný Brynjarsdóttir er á leiðinni á sitt þriðja Evrópumót og verður í hlutverki reynslumeiri leikmanna á EM. Hún er eini núverandi leikmaður liðsins sem hefur skorað á stórmóti og tekur undir að skilvirkur sóknarleikur sé lykilatriði til að Ísland vinni leiki á mótinu.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Hingað til hefur þetta gengið vel. Síðasti hittingur á undan þessu var í apríl og ég finn að spennustigið í hópnum er gott. Við sem erum í vetrardeildum höfum verið að æfa saman síðustu tvær vikur, í nokkurs konar foræfingabúðum og höfum náð að æfa vel, þó mann hafi verið farið að klæja að komast á æfingu með liðinu. Undirbúningurinn þar sem allir eru fullir þátttakendur hefst í raun í dag (í gær),“ segir Dagný Brynjarsdóttir, miðjumaður íslenska kvennalandsliðsins, aðspurð hvernig fyrstu dagar æfinga fyrir EM hafi gengið.

Íslenska liðið er með góða blöndu af öreyndari leikmönnum á stærsta sviðinu og leikmönnum sem þekkja þennan undirbúning vel. Dagný er ein fimm leikmanna sem eru að fara á sitt þriðja Evrópumót og þrjú leikmenn hafa farið á fjögur stórmót.

„Það er ekkert skrítið í raun og veru,“ segir Dagný létt í lundu, aðspurð hvernig sé að vera komin í hóp reynsluboltanna.

„Maður lærir betur inn á þetta hlutverk með hverju ári sem liður og að mörgu leyti þegar maður eldist áttar maður sig betur á því hvað reynslan er mikilvæg. Við þurfum að vera tilbúnað að aðstoða þessar yngri þegar þær þurfa á því að halda,“ segir Dagný, sem tekur undir að það sé ný kynslóð af leikmönnum að koma upp sem gæti gert gæfumuninn, aðspurð út í leikmenn á borð við Sveindísi Jane og Karólínu Leu.

„Sveindís og Karólína koma með ákveðin tromp í liðið og það er líka fullt af ungum leikmönnum sem geta gert útslagið sóknarlega. Það á auðvitað ekki að vera of mikil pressa á þeim, en við vonumst til þess að þær eigi gott mót og láti ljós sitt skína.“

Ólíkt síðasta Evrópumóti hafa ekki orðið mikil skakkaföll á íslenska liðinu í aðdraganda mótsins.

„Mótin mín hingað til hafa verið



Dagný fagnar marki með landsliðinu síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Við vitum að við þurfum að skora mörk til að vinna leiki og við gerum vonandi betur í því en á síðasta móti.

Dagný Brynjarsdóttir

mismunandi. Árið 2013 komumst við í átta liða úrslit þegar fólk átti kannski ekkert endilega von á því. Árið 2017 var talsvert af skakkaföllum fyrir mót, við misstum marga lykilleikmenn og við vorum ennþá að púsla okkur saman rétt fyrir mót. Þegar ég lít yfir hópinn í dag finnst mér hann ofboðslega sterkur og vonandi haldast allir heilir fram að móti,“ segir miðjumaðurinn og tekur undir að íslenska liðið virðist kunna betur við að stjórna leikjum yfir lengri tíma og með fleiri vopn sóknarlega heldur en á síðasta EM.

„Alveg sammála því að við getum betur stjórnað leikjum í dag. Fyrir síðasta mót var óvissa með þátttöku Hörpu sem var búin að vera fyrsti kosturinn í framlínunni til viðbótar við nýtt leikkerfi, en núna erum við búnar að spila í sama liði í að verða eitt og hálf ár og sóknarleikurinn er beittari. Við erum sterkari í föstum leikatriðum og erum að fá fleiri mörk úr opnum leik. Við vitum að við þurfum að skora mörk til að vinna

leiki og við gerum vonandi betur í því en á síðasta móti.“

Dagný skrifaði á dögnum undir nýjan samning við West Ham en hún hefur verið á mála hjá enska félaginu frá ársbyrjun 2020. Samningur Dagnýjar rann út og bærust henni nokkur tilboð, en tilboð enska félagsins hentaði Dagnýju og fjölskyldu hennar best.

„Það voru önnur tilboð á borðinu sem ég skoðaði eitthvað, en þegar upp var staðið hentaði mér og fjölskyldu minni best að vera áfram í London í herbúðum West Ham. Það er allt til staðar hjá West Ham til þess að ég geti haldið áfram að bæta minn leik, frábærar aðstæður og fjölskyldunni liður vel,“ segir Dagný sem vill ekki gefa upp hvaðan tilboðin bærust.

„Ég er fegin að vera búin að þessu enda gott að vera samningsbundin ef einhver meidsli koma upp á Evrópumótinu. Fyrir vikið var ég alltaf ákveðin í að klára þessi mál fyrir EM.“ ■

## Erfitt að reka Óla Jó en fagnar endurkomu Eiðs Smára

hoddi@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Ákvörðun knattspyrnu-deildar FH um að reka Ólaf Jóhannesson, einn sinn dádasta son úr starfi í síðustu viku, vakti mikla athygli. Gengi FH í Bestu deild karla hefur ekki verið gott og tók stjórn knattspyrnu-deildar FH ákvörðun um að reka Ólaf og Sigurbjörn Hreiðarsson aðstoðarmann hans úr starfi. FH var ekki lengi að fylla í þeirra skóru og var Eiður Smári Guðjohnsen ráðinn þjálfari og Sigurvin Ólafsson ráðinn aðstoðarmaður hans.

„Þetta var hrikalega erfitt, ég get aldrei þakkað Óla nógu mikið fyrir það sem hann gerði fyrir mig sem leikmaður. Þetta var erfið ákvörðun sama hvernig maður lítur á hana. Þetta eru tveir algjörir toppmenn, þetta snýst um úrslit og þetta snýst um að snúa gengi liðsins við. Við töldum rétt að nýir menn kæmu inn með ferskar hugmyndir og reyndu að hífa okkur upp töfluna,“ segir Davíð Þór Viðarsson, yfir-

maður knattspyrnumála hjá FH, við Fréttablaðið. Davíð var einn af þeim sem sat fundinn með Ólafi þegar hann var rekinn úr starfi. Davíð var fyrirlíði FH undir stjórn Ólafs á árum áður og var aðstoðarþjálfari hans á síðustu leiktíð.

Ólafur og Sigurbjörn voru reknir skömmu eftir jafntefli gegn Leikni á heimavelli í síðustu viku. „Þetta snýst um úrslit og þau voru ekki að falla með okkur, við höfum heyrt af þeirri umræðu af hverju við hefðum ekki farið í breytingar í hléinu. Við höfðum enn trú á að Óli og Bjóssi gætu snúið þessu við, Óli er sá þjálfari sem hefur gert hvað mest fyrir FH í sögulegu samhengi. Hann er goðsögn í FH og það var enn trú á að þetta frí myndi hjálpa okkur og við kæmum sterkari út úr því. Eftir Leikni-leikinn fannst okkur við vera komnir á endastöð og breytinga væri þörf.“

„Ákvörðunin var tekin sama kvöld en það var ekki farið beint niður í klefa og farið í þetta, við



Eiður Smári náði góðum árangri með FH áður en honum bauðst starf sem annar þjálfari karlalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þegar þessi ákvörðun var tekin, þá lá það beinast við að heyra í Eiði Smára og sjá hvar hans hugur væri.

Davíð Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá FH

funduðum eftir leikinn og komumst að þessari niðurstöðu. Svo má hafa skoðun á því hvort það hefði verið betra að gera þetta daginn eftir, þetta var sú tímasetning sem við ákváðum að gera hana á. Við töldum þetta rétta ákvörðun og svo verður fólk bara að hafa sínar skoðanir.“

Eiður Smári og Sigurvin stýrðu FH í fyrsta sinn í fyrrakvöld þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við ÍA í Bestu deildinni. „Við erum hæstánægðir og teljum okkur hafa fundið mjög gott teymi í þeim tveimur. Þegar þessi ákvörðun var tekin, þá lá það beinast við að heyra í Eiði Smára og

sjá hvar hans hugur væri. Honum leið vel hérna fyrir tveimur árum og sýndi hversu frambærilegur þjálfari hann er. Eiður var sá maður sem við vildum fá inn, það var ánægjulegt að það skyldi hafa tekist að sannfæra hann um að koma aftur,“ segir Davíð Þór. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FIMMTUDAGUR 23. júní 2022



Kate Bush á sviði árið 1979.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kate Bush hissa á velgengninni

oddufreyr@frettabladid.is

Tónlistarkonan Kate Bush segir að það sé mjög mikilvægt fyrir sig að ný kynslóð hafi uppgötvað lag hennar Running Up That Hill eftir að það var nýlega notað í sjónvarpsþáttunum Stranger Things.

Lagið hefur notið ótrúlegrar velgengni að undanfögnu og hefur slegið þrjú vinsældamet eftir að hafa komist í fyrsta sæti vinsældalista í Bretlandi og á Írlandi.

Í nýlegu viðtali við BBC segir hún að hún hafi búist við að lagið fengi athygli, en velgengnin hafi virkilega komið henni á óvart og það sé eins og heimurinn hafi gengið af göflunum. Henni þykir yndislegt að fullt af fólki sem hafði aldrei heyrt um hana hafi uppgötvað tónlist hennar í fyrsta sinn.

### Sló þrjú met

Lagið hefur líka náð fyrsta sæti í Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Svíþjóð og Sviss, síðan fjórða sería Stranger Things var frumsýnd og það náði fjórða sæti í Bandaríkjunum.

Eitt af metunum hennar var að vera lengst til að ná fyrsta sæti, en það tók heil 37 ár frá útgáfu lagsins.

Bush setti líka met fyrir lengsta tímabil milli þess að ná fyrsta sæti, en það gerðist síðast fyrir 44 árum þegar lagið Wuthering Heights komst í fyrsta sæti.

Þriðja metið var svo að vera elsta konan til að ná fyrsta sæti á vinsældalistum í Bretlandi, en hún er 63 ára. ■



Guðrún Erla Leifsdóttir, eigandi Timberland á Íslandi, er hér fyrir miðju með gula skóinn sem gerði Timberland að heimsfrægu merki. Með henni eru Margita Keire, verslunarstjóri í Timberland, Kringlunni og Katla Jóhannsdóttir, verslunarstjóri í nýju Timberland-versluninni í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Timberland þekkt fyrir fyrsta vatnshelda leðurskóinn

Um helgina opnaði Timberland á Íslandi nýja og glæsilega verslun í Smáralind. Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum. Í tilefni tuttugu ára afmælis Timberland á Íslandi fannst eigendum verslunarinnar vert að fagna áfanganum með opnun nýrrar verslunar í Smáralind. **2**

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTSAUKAKÍLÓIN  
BURT[www.celsus.is](http://www.celsus.is)

Guðrún Erla Leifsdóttir, ávallt kölluð Erla, er framkvæmdastjóri Timberland á Íslandi. Erla og eiginmaður hennar, Samúel Guðmundsson, keyptu 50 prósent eignarhlut í TBLSHOP Ísland ehf. árið 2018 og eignuðust það að fullu á síðastliðnu ári. Samúel er stjórnarformaður en reksturinn er alfarið í höndum Erlu. Þá sér dóttir þeirra, Sæunn Sunna Samúelsdóttir, um markaðsmálin. Maggý Lárentínusdóttir, dóttir Erlu hefur líka hjálpað til við afgreiðslu á álagstímum, en hún stundar nám í hjúkrunarfræði. Svo hefur barnabarn þeirra, Esekíel Örn, 14 ára, fengið að stíga sín fyrstu spor í afgreiðslu í Timberland og vann meðal annars á opnunardaginn. Starfsmannahópurinn er þéttur og segir Erla að hún líti nánast á hann eins og litla fjölskyldu.

„Þeir sem hafa unnið hjá Timberland hafa yfirleitt starfað í nokkur ár og liður vel hjá okkur,“ segir Erla, stolt af starfsmannahópnum sínum.

### Vatnsheldir leðurskór í hálföld

Timberland varð heimsþekkt fyrir „The Original Yellow Boot“ sem kom á markað 1973 og var fyrsti vatnsheldi leðurskórinn sem gerður hafði verið.

„Næsta ár verður stórt, þegar The Yellow Boot verður 50 ára. Hönnun og smíði skónna tók mörg ár. Takmarkið var að gera vatnsheldu leðurskó, því á þeim tíma voru ekki til vatnsheldir skór eins og við þekkjum í dag. Þetta var ekki auðvelt, ég hef heyrt að þeir hafi sett skóna ofan í bala fullan af vatni þegar þeir luku störfum á kvöldin og tóku þá svo upp að morgni til að athuga hvornig til tókst. Að lokum fannst þessi frábæra aðferð, að festa leðrið á skóna án þess að gata það, sem varð grunnurinn að vinsældum skónna. Síðan hafa auðvitað komið ýmsar aðrar gerðir af skóm og alltaf eitt-hvað nýtt og spennandi ár hvert.“

### Timberland á Íslandi í 20 ár

„Ég veit nú ekki hvenær fyrst var farið að selja Timberland skó á Íslandi en Timberland opnaði fyrstu verslun sína í Kringlunni 2002 og naut strax mikilla vinsælda. Árið 2011 opnaði verslunin á Laugavegi í gömlu en falletu húsi sem var aðeins 56 fermetrar. Því miður þurfti að loka Laugaveginum árið 2015 vegna skipulagsbreytinga í miðbæ Reykjavíkur. Það var því tímabært að stíga nýtt skref á tuttugu ára afmæli Timberland á Íslandi og opna nýja glæsilega Timberland verslun í Smáralind,“ segir Erla.

### Miklar vinsældir á Íslandi

Timberland náði fljótlega góðri fötfestu á Íslandi og hafa skórnir náð ótrúlegum vinsældum. Margir höfðu kynnst þeim erlendis; Boots í Bandaríkjunum og handsaum-uðu bátaskónum í Evrópu.

„Ég held að vinsældir þeirra á Íslandi séu svona miklar vegna þess að fólk veit að þetta eru sterkir og góðir skór. Það koma stundum menn til okkar í Kringluna og segjast vera búnir að eiga skóna í 10 til 15 ár, og þá kannski kominn tími á endurnýjun! Ég segi líka oft þegar fólk er að leita sér að „þægilegum“ skóm að þeir séu allir „þægilegir“, það er bara misjafnt hvað hentar hverjum og einum, því fætur okkar eru auðvitað afar misjafnir.“

### Sorglegt að missa gamla húsið

Nú eru verslanirnar tvær á besta stað. Timberland í Kringlunni hefur verið rekin frá árinu 2002, en árið 2011 var opnað lítil Timberland verslun á Laugavegi.

„Því miður varð að loka þeirri



Ný verslun Timberland í Smáralind er björt og stílhrein og með glæsilegt vöruúrval.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hjónin Erla Leifsdóttir og Samúel Guðmundsson eru eigendur Timberland á Íslandi og opna nú nýja verslun í tilefni 20 ára afmælisins.

MYND/ADSEND



Hinir heimsfrægu og sívinsælu Timberland skór fást vitaskuld í úrvali í Smáralind, sem og Timberland fatnaður og fylgihlutir.

verslun 2015 þegar húsið var selt og ráðgert var að breyta skipulagi á lóðinni. Það var frekar sorglegur endir, því Timberland passaði svo frábærlega í þetta litla gamla hús sem á sínum tíma var eitt mest myndaða hús borgarinnar og stundum kallað „Jólahúsið“ þegar fyrrur eigendur skreyttu það með hvítum seríum fyrir jólin og var það alveg geysilega fallett.“

### Björt og stílhrein

„Svo sérkennilegt sem það er að Timberland passaði vel í 100 ára hús á Laugavegi, þá passar það eiginlega enn betur í Smáralind. Verslunin er mjög björt og stílhrein og bæði fót og skór njóta sín einstaklega vel í þessum nýju húsakynnum. Það er ótrúlega mikil breyting frá Kringlunni, sem er kannski ekki skrítið því innréttingarnar eru upprunalegar og 20 ára gamlar. Viðskiptavinir Smáralindar hafa tekið okkur opnum örnum en undanfarnir ár hefur fólk oft spurt hvort við séum

ekki líka í Smáralind. Það var því tími til kominn að opna hér líka, þó mörgum finnst mikið að hafa tvær Timberland verslanir í ekki stærra samfélagi.“

### Netverslun fyrir nútímann

Rétt fyrir Covid opnuðu hjónin netverslun sem reyndist mikið lán.

„Fljótlega eftir að við hjónin höfum afskipti af rekstri Timberland á Íslandi vildum við opna netverslun, okkur fannst það einfaldlega hljóta að svara kröfum nútímans. Við réðumst í hönnun og uppsetningu netverslunarinnar sem var tilbúin korter í Covid. Það varð okkar lán, að vera komin á netið áður en faraldurinn hófst fyrir alvöru og bjargaði okkur eins og mörgum öðrum verslunum á erfildum tímum, því það voru ekki margir á ferðinni í Kringlunni á meðan stífustu samkomutakmarkanirnar ríktu. Í byrjun var þetta allt handvirkt en í fyrra tengdum við birgðakerfið okkar við netverslunina, sem ætti að gefa

öruggari og betri svörum. Svona kerfi eru samt alltaf í stöðugri endurnýjun og við reynum að svara kröfum markaðarins í samkeppni við erlenda rísa. Okkar sérstada er samt alltaf þjónustan og persónuleg aðstoð þegar fólk er í vanda varðandi stærðir og fleira. Þar njótum við góðs af þekkingu og reynslu starfsfólksins og sérstaklega Margitu Keire, verslunarstjóra í Kringlunni, sem á marga góða vunnungja og vini meðal fastra viðskiptavina okkar en hún hefur starfað hjá Timberland á Íslandi frá árinu 2013.“

### Leitast við að láta gott af sér leiða

Timberland leggur mikla áherslu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni í öllum rekstrinum.

„Við leggjum mikla áherslu á að koma á framfæri þeim markmiðum og aðgerðum sem Timberland vinnur að, en það er til dæmis að framleiðslan verði kolefnisjöfnuð árið 2030. Þessu takmarki hyggjast þeir meðal annars ná með því að endurnýta plast, ull, leður, nælon og hvaðeina sem notað er í framleiðslunni. Timberland hefur um áratuga skeið verið leiðandi í umhverfis- og samfélagsmálum bæði í gegnum framleiðsluna, með stuðningi við bændur og framleiðendur og einstökum verkefnum þar sem börn og fullorðnir fá gefins skó og fleira. Fjöldi verkefna er í gangi um allan heim. Hér á landi höfum við leitast við að láta gott af okkur leiða með aðstoð við ýmis mannúðarmál, við höfum því miður ekki enn látið verða af því að vinna að skógræktar- eða landræktarstarfi en okkur dremmir um að fara með starfsfólkinu að gróðursetja eða vinna að hreinsun á einhverjum svæðum,“ segir Erla.

„Það er gaman að segja frá því að við höfum haldið í upphaflegu innréttingarnar í Kringlunni á meðan margar verslanir hafa skipt öllu út tvisvar til þrisvar, þetta vil ég þakka því vandaða starfsfólki sem unnið hefur hjá félaginu og gengið vel um innréttingarnar og passað upp á þær í gegnum árin.“

### Starfsfólkið dýrmaetast

Leyndardómurinn á bak við velgengni Timberland er starfsfólkið.

„Ég held óhætt að segja að án starfsfólksins værum við ekki upp á marga fiska. Það hefur verið gæfa

okkar að hafa frábært starfsfólk sem leggur metnað í að sinna kröfum viðskiptavina og veita frábæra þjónustu. Það krefst auðvitað mikillar þolinmæði og samviskusemi að þjálfa upp nýtt starfsfólk og kenna ungu fólk að meta þau gildi sem eru í hávegum höfð hjá Timberland. Mér sýnist þær Margita í Kringlunni og Katla, sem nú er verslunarstjóri í Smáralind, vera mjög ákveðnar og samstíga í því að sú frábæra þjónusta sem við höfum veitt í Kringlunni verði einnig veitt í Smáralind,“ segir Erla.

Góður starfsmannahópur er gull í gildi, að mati Erlu.

„Katla Jóhannsdóttir, sem er verslunarstjóri í Timberland í Smáralind, er frábær starfsmaður. Hún er rétt nýorðin tvítug og rúllar því upp að vera verslunarstjóri. Hún hóf störf hjá Timberland aðeins 15 ára gömul og sýndi strax á fyrsta degi að þarna var frábær sölumaður á ferð. Hún hefur svo unnið hjá okkur með skólanum og á sumrin og því þekkir hún vörurnar vel og getur óhikað mælt með þeim hvar sem er og hvenær sem er. Hún er einstaklega ábyrgðarfull, harðdugleg og samviskusöm, hefur mikið frumkvæði, tekur áskorunum fagnandi og leysir öll þau verkefni sem mér dettur í hug að leggja fyrir hana. Það er ómetanlegt að hafa svona starfsmann í litlu fyrirtæki þar sem fær hendur þurfa að sinna mörgum ólíkum verkefnum. Hún hafði auðvitað frábæra fyrirmynd í Margitu Keire, en þær hafa unnið saman þessi ár og eru mjög góðar vinkonur. Katla stundar nám við Háskólann í Reykjavík á viðskiptabraut og mun halda áfram að sinna náminu í haust og við erum því að leita að nýjum verslunarstjóra í hennar stað.“

### Timberland ekki bara skór

Vöruúrvalið í versluninum er gríðarlega fjölbreytt og vandað.

„Í verslunum okkar í Kringlunni og Smáralind bjóðum við skó fyrir alla fjölskylduna og höfum mjög breitt úrval, þó það sé mjög mikill munur á framboðinu haust og vor. Á sumrin eru sandalar og léttir gönguskór áberandi en á veturna leðurskór og stígvél eða boots. Auk þess höfum við fjölbreytt úrval af frábærum herrafatnaði, bolum og skyrturnum sem framleiddar eru úr lifrænni bómull og hör, ullarpeysur og sl. vetur fengum við meira að segja endurunna ull. Yfirhafnirnar eru léttar á sumrin en þyngri og þykkari á veturna. Framboð á kvenfatnaði er einungis brot af því sem herrafatnaðurinn er. Upphaflega var það fjölskylda sem hóf að framleiða Timberland skóna, en árið 2011 var fyrirtækið selt til VF Corporation sem er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum, en fyrirtækið er leiðandi í framleiðslu á skóm og fatnaði og framleiðir meðal annars Napa-pjiri, North Face, Vans, Dickies og fleira.“

### Veit fátt ánægjulegra en viðskiptavin með bros á vör

Erla er bæði meyr og full þakklætis fyrir þær viðtökur sem verslanir þeirra hafa fengið.

„Þakklæti yfir að hafa fengið að taka þátt í rekstri Timberland á Íslandi og gefa þeim fjölmörgu sem til okkar koma takifæri til þess að nota þessar frábæru vörur. Með því teljum við okkur líka leggja okkar af mörkum við að framfylgja markmiðum Timberland um betri nýtingu auðlinda og grænni heim fyrir alla. Ég veit fátt ánægjulegra en viðskiptavin sem fer út með bros á vör eftir að hafa fundið sína óskaskó.“ ■





**FRANSEN Raket regnkápa**  
Stærðir 40-54  
Verð 35.980 kr



**NORMANN Nina útivistarjakkí**  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 42-54  
Verð 32.980 kr



**NORMANN Rayna regnkápa**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 38-54  
Verð 32.980 kr



**ZHENZI Tael regnkápa**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 42-58  
Verð 14.990 kr



**ZE ZE regnkápa**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 38-46  
Verð 9.990 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZE ZE  
Nordic

Q'UE



**Robell Marie 07 kvartbuxur**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 36-54  
Verð 6.980 kr



**YESTA ökklabuxur með rennilás á skálmum**  
Stærðir 44-52  
Verð 12.980 kr



**ZE ZE Sanne kvartbuxur**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 36-48  
Verð 8.990 kr



**ZE ZE Sanne hnébuxur**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 38-48  
Verð 7.990 kr



**ZE ZE Lance pils með buxum undir**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 36-48  
Verð 6.990 kr

SUNDAY  
by Godske

FRANSEN

festival  
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



**ZE ZE Útla gallajakki**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 38-48  
Verð 11.990 kr



**YEST/YESTA gallajakki**  
Stærðir 42-52  
Verð 13.980 kr



**GOZZIP Maya gallajakki**  
Stærðir 38-56  
Verð 15.980 kr



**TAMARIS strigaskór**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 37-42  
Verð 12.990 kr



**TAMARIS strigaskór**  
Fást líka í grábláum  
Stærðir 37-42  
Verð 24.990 kr



**Heba hliðartaska með tveimur ólum**  
Fæst í fleiri litum  
Verð 7.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á  
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Svartur blazer og góðar gallabuxur ómissandi



Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.is

Thelma Dögg Guðmundsen hefur fallegan fatastíl sem tekið er eftir. Stíllinn er þægilegur, klassískur og skemmtilegur og lýsir persónuleika Thelmu vel. Áhugi Thelmu á fatnaði vaknaði þegar hún byrjaði að vinna í fataverslun aðeins 16 ára gömul.

Thelma er 31 árs förðunarfræðingur og áhrifavaldur með brennandi áhuga á öllu sem við kemur stafrænum markaðsmálum.

„Ég starfa sjálfstætt í fjölbreyttum verkefnum, aðallega á samfélagsmiðlum. Ég er kennari í Make-up Studio Hörpu Kára, sé einnig um stafræn markaðsmál þar og tek líka að mér slík verkefni fyrir önnur fyrirtæki,“ segir Thelma sem nýtur sín í vinnunni. „Ég var manneskja sem fann mig ekki í hefðbundnu starfi en hef í dag byggt upp fjölbreytt starf sem ég hef ég mikla ástríðu fyrir.“

Áhugamál Thelmu liggja í öllu sem viðkemur því að bæta andlega og líkamlega líðan.

„Hreyfing, jóga nidra, fjallgöngur, hugleiðsla og sund eru til dæmis áhugamál sem hafa sprottið upp út frá því. Að ferðast er mikið áhugamál og hef ég haft tækifæri að ferðast til fjölda framandi landa og mismunandi menningarheima, sem mér finnst gefandi. Þar stendur Bali upp úr, sem er magnaður staður sem ég stefni á að heimsækja aftur við fyrsta tækifæri.“

## Fyrst til að vinna fyrir H&M

Fatnaður hefur lengi verið áhugamál hjá Thelmu.

„Áhuginn spratt þegar ég byrjaði að vinna í fataverslun 16 ára gömul. Á einn eða annan hátt hef ég unnið í kringum fatnað, til að mynda núna í verkefnum á samfélagsmiðlum með ýmsum fatamerkjum.“

Thelma hefur meðal annars unnið stór verkefni með Vero Moda og H&M.



Thelma Dögg hefur verið viðloðandi tiskubrandsann frá því á unglingsaldri.  
FRÉTTABLAÐIÐ/S  
IGTRYGGUR ARI

## Topp flikur Thelmu í fataskápnum:

- Góðar gallabuxur
- Svartur blazer
- Hvít skyrtu í yfirstærð
- Klassísk dragt
- Rykfrakki
- Grófir skór (boots)

„Ég var þá fyrsti aðilinn á Íslandi til að vinna samfélagsmiðlaverkefni fyrir H&M þegar það byrjaði hér á landi og var þar í hópi með nokkrum aðilum frá Norðurlöndunum. Þar var Angelica Blick einn stærsti áhrifavaldur Svíþjóðar en ég hef lengi litið upp til hennar þegar kemur að verkefnum á samfélagsmiðlum. Þetta var virkilega skemmtilegt verkefni sem endaði með ferð til Ósló á viðburð í sænska sendiráðinu á vegum fyrirtækisins fyrir vel unnin störf. Það var frábær reynsla og gaman að sjá og fá að kynna fólkinu á bak við svo stórt fatafyrirtæki og upplifa svona ferð.“

## Mikil þægindakona

Í bernsku spáði Thelma fljótt í tisku.

„Frá því að ég var lítil þældi ég mikið í fatnaði og lagði mamma mikið upp úr því að ég klæddist fallegum fatnaði, sérstaklega á sunnudögum. Það hef ég tekið áfram úr minni æsku og finnst ávallt gaman að klæða mig upp. Á sama tíma er ég mikil þægindakona og hef verið frá því ég man eftir mér. Ég hef alltaf haft skoðun á því hverju ég klæðist.“

## Fatastillinn breyttist örlítið eftir fæðingu

Thelma lýsir fatastíl sínum sem fjölbreyttum og að það fari eftir dögum í hverju hún fili sig hverju sinni.

„Þar spila árstíðir líka inn í. Ég hef aldrei verið týpan sem getur tekið saman fót deginum á undan. Ég hef aldrei reynt að fylgja vissum stíl og ég held að það geri fatastill meira skemmtilegan og afslappaðri. Stíllinn minn hefur breyst örlítið eftir að ég átti strákinn minn fyrir einu og hálfu ári síðan. Ég er enn að finna mig þar og kynnast líkamanum mínum eftir barnsburð. Þar spilar fataval inn í og finnst mér ýmis snið og flikur henta jafnvel betur núna en gerðu áður og öflugt. Þrátt fyrir það finnst

mér fatastillinn minn síðustu ár hafa einkennst af þægindum í bland við klassískar flikur og flikur sem mér finnst standa upp úr. Ég hef alla tíð verið með ofnæmi fyrir óþægilegum fötum svo þessi blanda hentar mér einstaklega vel.“

*Finnst þér skipta máli í hverju þú kemur fram við formlega viðburði?*

„Ef ég klæðist fatnaði sem mér líður vel í þá skilar það sér í líðan og þá oftast líka í framkomu. Ég hef tileinkað mér að fylgja innsæinu, bæði daglega og fyrir finni viðburði. Númer eitt, tvö og þrjú er að manni líði vel í eigin skinni sama hvað öðrum finnst, sama hvort það tengist fatnaði eða öðru.“

*Þegar konur vilja láta bera virðingu fyrir sér, finnst þér þá skipta hvernig þær klæða sig?*

„Það er ótrúlegt hvað fólk hefur mikla þörf á að hafa skoðanir á fatavali hjá konum, í hverju þær ganga og hvað er ekki í lagi í þeim málum. Mér finnst við vera á leið í rétta átt með að breyta því og vonast til að það verði úrelt ef við höldum umræðunni gangandi. Fyrir mér felst hvorki traust né virðing í fatnaði né fylgihlutum heldur í manneskjunni sjálfri. Skoðanir, gjörðir, athafnir, eiginleikar eða hvað sem það er, er ávallt óháð fatnaði og stíl. Hvaða kyn sem rætt er um eiga þessir eiginleikar ávallt að vera metnir út frá manneskjunni.“

## Leðurjakkinn frá mömmu

Þegar kemur að sniðum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?

„Ég er rosa hrifin af „oversized“ yfirhöfnum. Oftast kys ég buxur með víðara sniði niður þar sem mér þykir þær henta mér betur. Ég er líka hrifin af að blanda saman mismunandi sniðum og finnst það alltaf hitta í mark.“

Uppáhaldsflikur Thelmu eru vanalega flestar yfirhafnir.

„Ég tek yfirhafnir í ástföstur. Svartur blazer hefur ávallt verið í upphaldi. Ég á æðislega leðurkápuna og leðurjakkana frá mömmu sem mér þykir afskaplega vænt um. Mamma gekk í leðurjakknum þegar hún var ólétt af mér svo það hefur mikla merkingu fyrir mig.“

Aðspurð segist Thelma ekki eiga sér neinn upphaldshönnuð.

„Mér finnst hins vegar frábært hvað íslenskir hönnuðir eru að gera flotta hluti og þá sérstaklega konur. Ég elska að sjá aðrar konur gera flotta hluti og í fatabransanum sem hefur þá verið sérstaklega áberandi undanfarið.“

Thelma á sína upphaldslíti.

„Ég er mjög hrifin af jarðlitum og er fataskápurinn mest í þeim litum í bland við svart og hvítt. Ég segi það ekki, það eru flikur í skápnum í skærari litum og finnst mér ótrúlega gaman að breyta til öðru hvoru og klæðast þeim, því mér finnst mikilvægt að festast ekki af mikið í sama litavali í fötum.“

## Grófir skór upphalds

Thelma segist fyrst og fremst heillast af grófum skóm.

„Síðustu ár hafa grófir skór verið í upphaldi, aðallega boots. Mér finnst flott að blanda saman finum efnum í fötum við grófa skó og er ég miklu óhræddari við það nú en áður. Þegar kemur að hælum vel ég alltaf þægindi; ég er búin með tímabilið þar sem maður lét sig hafa óþægilega skó. Þegar ég fáttaði að það segir ekkert til um glæsi-leika lagði ég slíka skó á hilluna. Þess vegna henta flestir skórnir mínir fyrir nánast öll tilefni, bæði hælur og lágbotna skór.“ ■

Fylgist með Thelmu Instagram @thelmagudmunds.

## Brosandi blaðra, alla daga

COMFORT-U® fyrir endurtekna þvagfærasýkingar og jafnvægi sýrustigs Fyrirbyggjandi og við bráðum tilfellum



Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! Fæst nú í Apótekanum, Lyf & heilsu, Hagkaup og Krónunni.

# Ferðumst um Ísland

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 23. júní 2022

Kynningar: VÍS, Lyfjaver, Iceland Travel



Sigrún Þorsteinsdóttir, sem starfar sem sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS, segir að hugmyndin með Ökuvisi sé að fækka slysum í umferðinni. Það hefur komið í ljós að þau sem nota Ökuvisi keyra betur en ella og eru því ólíklegri til að lenda í slysi í umferðinni. Væri því ekki kjörið að fá sér Ökuvisi fyrir ferðalögin innanlands í sumar?

MYND/SAGA SIG

## Láttu áhyggjuleysið elta þig í sumar

Fram undan er ein stærsta ferðahelgi ársins og ljóst er að margir leggja land undir fót. Það er ekki úr vegi að staldra við og huga að örygginu því öll viljum við auðvitað áhyggjulaust frí. **2**



Sigrún segist vera afar stolf af Ökuvísi enda lifir hún og hrærist í forvörnum. Vegna færri slysa og tjóna hefur VÍS getað lækkað verð á tryggingum enn frekar til þeirra sem keyra vel.

MYND/SAGA SIG

„Við hjá VÍS viljum að viðskiptavinir okkar lendi síður í slysum og tjónum. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að hjálpa fólki að tryggja öryggi sitt. Við erum stolt af því að eiga langa sögu um forvarnir og höfðum til dæmis mikil áhrif á notkun barnabílstóla hér á landi. Við getum öll gert svo margt til þess að koma í veg fyrir slysin,“ segir Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS. Þegar kemur að öryggi í umferðinni segir Sigrún að það fyrsta sem komi upp í huga sér sé hraði og athygli. „Það er mikilvægt að vera úthvildur og horfa til aðstæðna hverju sinni og passa auðvitað að allir séu með öryggisbeltin spennnt og að börnin séu í góðum bílstól sem hæfir aldri.

VÍS er kraftmikið hreyfiafl með öflugar forvarnir í broddi fylkingar. Þess vegna er ég mjög stolt af Ökuvísi, sem er byltingarkennd nýjung í ökutækjatrýggingum hér á landi. Viðskiptavinir fá aðgang að appi sem veitir virka endurgjöf um hvað megi gera betur og verða enn öruggari í umferðinni. Ökuvísir er eina bíltryggingin hér á landi þar sem einungis tveir þættir hafa áhrif á verðið, það er, hversu mikið þú keyrir og aksturs-einkunn, eða hvernig þú keyrir. Aksturseinkunn byggir á fimm þáttum; hraða, hröðun, beygjum, hemlun og símanotkun. Markmiðið er að fækka umferðarslysum á Íslandi, auðvitað í samstarfi við viðskiptavinir okkar. Því betur sem þú keyrir – því minna borgar þú. Svo einfalt er það!

Undanfarið höfum við sýnt fram á að öryggisvörur geta verið flottar sem gaman er að hafa sýnilegar, í stað þess að geyma þær í skápum og geymslum. Við verðum nefnilega að láta öryggið passa. Ég vil vekja athygli á því að viðskiptavinir okkar fá afslætti á fjölbreyttum öryggisvörum, jafnt fyrir bilinn,

heimilið og útivistina hjá mörgum fyrirtækjum. Við hvetjum alla til þess að nýta sér þessa afslætti og hafa öryggið í lagi,“ segir Sigrún.

**Fækjum umferðarslysum**  
Sigrún segir Ökuvísi klárlega hafa áhrif á hvernig fólk keyrir og þar af leiðandi áhrif á fjölda umferðarslysa. „Rúmt ár er síðan við kynntum Ökuvísi til leiks og á þeim tíma höfum við séð að viðskiptavinir okkar, sem eru með Ökuvísi, hafa bætt akstur sinn umtalsvert meira en upphaflegar áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Betri akstur leiðir til færri slysa og tjóna. Þar sem ég lifi og hrærist í forvörnum, er ég alveg virkilega stolt af Ökuvísi. Endurgjöfin í Ökuvísi hefur gert mig að mun betri og afslappaðri ökuþingi og nær allir sem fá sér Ökuvísi verða öruggari í umferðinni, það sýnir tölfræðin okkur.

Vegna þessa sáum við svigrúm í upphafi ársins til að lækka verð enn frekar til þeirra sem keyra vel. Að auki fer góður akstur betur með bílinn. Ég mæli því sterkllega með kaupum á bíl sem hefur haft Ökuvísi. Svo má ekki gleyma umhverfinu, því betri akstur felur í sér minni losun.“

**Ökuvísir fyrir þyngjuna**  
Ökuvísir hefur ekki bara góð áhrif á aksturinn heldur líka budduna. „Verðið byggir á aksturseinkunn. Ef þú ert með 100 í einkunn, með kaskó fyrir bíl sem kostar fimm milljónir og ekur meira en 500 km á mánuði þá borgar þú um 11.000 kr. í Ökuvísi á mánuði eða um 130.000 kr. á ári.

Þeir sem eru fæddir í kringum aldamótin og eru með hefðbundnar ökutækjatrýggingar eru að borga um 50% hærra verð en þeir sem tryggja bilinn með Ökuvísi. Með því að tryggja með Ökuvísi og keyra vel er því hægt að spara veru-

## Ef við tökum dæmi um að þú keyrir á 90 km hraða og kíkir á símann í fimm sekúndur, þá ertu búin að keyra vegalengd sem jafngildir því að keyra yfir Laugardalsvöllinn endilangan.

Sigrún A. Þorsteinsdóttir

legar fjárhæðir. Ég hvet alla áhugasama til að skoða reiknivélina á vis.is þar sem hægt er að sjá verðin. Verðskrá fyrir tryggingu hefur því aldrei verið jafn gagnsæ og því þarf ekki að biðja um sérstakt tilboð. Allir fá sama verðið út frá aksturs-einkunn, óháð aldri.

Þess má geta að tryggingar í Ökuvísi hækka ekki ef þú lendir í tjóni, hvort sem það er af þínum völdum eða annars. Þetta snýst einfaldlega um að keyra betur, sem gerir þig líka ólíklegri til að valda eða lenda í umferðarslysi.

Bila sem standa óhreyfðir stóran hluta árs eða eru keyrðir mjög lítið er líka tilvalið að tryggja með Ökuvísi, að sögn Sigrúnar. „Þar sem billinn stendur nær óhreyfður í marga mánuði tikkar hann því í boxið að keyra minna en 500 km á mánuði, þá borgarðu minna í tryggingar,“ segir hún.

### Áhyggjulaust fri

„Áður en lagt er af stað í friið góða, þá er afar mikilvægt að skilja vel við húsið, til dæmis að ganga úr skugga um að slökkt sé á öllum rafmagnstækjum, að allir gluggar séu vel lokaðir sem og allar hurðir læstar. Það er líka góð regla að aug-

lýsa ekki, til dæmis á samfélagsmiðlum, að húsið sé mannlaut. Óprúttir aðilar eiga það til að fylgjast með slíku og nota þá tækifærið til að láta til skarar skríða.

Svo þarf að huga að því hvernig pakkað er í bílinn, en mikilvægt er að pakka þyngstu hlutunum neðst og léttustu hlutunum efst. Einnig er mikilvægt að skorða hlutina af og best er að draga farangursnetið yfir farangurinn. Við verðum að hafa það í huga að lausir munir í bílnum geta valdið alvarlegum áverkum, til dæmis getur léttur farsími margfaldað þyngd sína í árekstri.

Áður en lagt er af stað, þá er gott að kynna sér vedurspána þar sem akstur í miklu roki getur verið varhugaverður. Svo þegar sólin fer að skína, þá er nauðsynlegt að hafa nægt rúdupiss, hreinar framrúður og sólgleraugu við höndina. Ef svo óheppilega vill til að steinn lendi á framrúðunni og valdi skemmdum, þá er gott að setja sérstakan framrúðulímmiða á sárið til þess að auka líkurnar á því að hægt sé að gera við hana. Slík viðgerð kostar þig ekki neitt, en ef skipta þarf um framrúðuna þarf að borga 20% af kostnaðinum sem getur hlaupið á tugum þúsunda. Svo er líka miklu umhverfisvænna að gera við rúðuna en að skipta henni út. Þess vegna mælum við með því að hafa límmiðann alltaf til taks í hanskahólfinu en þá er hægt að fá heimsenda. Einfaldlega með því að senda póst á vis@vis.is.

Ég vil ítreka mikilvægi þess að vera með athyglina í lagi, hvort sem þú ert að keyra, hjóla eða labba. Best er að láta símann bara vera. Ef við tökum dæmi um að þú keyrir á 90 km hraða og kíkir á símann í fimm sekúndur, þá ertu búin að keyra vegalengd sem jafngildir því að keyra yfir Laugardalsvöllinn endilangan. Við skulum vera með athyglina á réttum stað.

Þegar þú ert komin á leiðarenda og ætlar að njóta fegurðarinnar á fjöllum landsins er gott að kynna sér svæðið og leiðina sem á að fara. Best er ef leiðin er stíkuð og ekki má klikka á góðum gönguskóm og skjólgóðum fatnaði ásamt nesti. Ekki gleyma heldur að skoða vedurspána og vera viðbúin því veðri sem spáð er og vera frekar betur búin en vanbúin.“

### Viðtækari reiðhjóltrygging

Reiðhjól eru orðin staðalbúnaður hjá mörgum ferðalöngum og á næstu dögum mun VÍS bjóða upp á viðtækari reiðhjóltryggingu en þá sem er nú til staðar í F plús. „Ef þú átt reiðhjól sem er dýrara en 250.000 krónur þá hvetjum við þig til þess að kynna þér málið. Þess ber að geta að þeir sem eru með F plús fá þessa nýju tryggingu á betri kjörum. Svo er mikilvægt að huga að öryggi sínu með því að nota hjálm, tryggja sýnileika með áberandi litavali í fatnaði og passa endurskinið. Svo verðum við að muna að aukinn hraði eykur líkur á falli og saklaus sandur á stíg getur verið varasamur.

Að sjálfsögðu minnum við á mikilvægi þess að fara reglulega yfir tryggingarnar. Sérstaklega ef eitthvað hefur breyst á árinu til dæmis nýtt húsnæði, ef fjölskyldan hefur stækkað, nýr pallur við húsið eða gæludýr bæst við fjölskylduna þá þarf að huga að tryggingum. Að gefnu tilefni viljum við sérstaklega minna á húseigendatrýgginguna. Alltof margir gleyma henni þegar flutt er úr fjölbýli í sérbyli.

Við erum að sjálfsögðu til staðar til þess að aðstoða og fara vel yfir tryggingarnar. Ekki hika við að slá á þráðinn til okkar í síma 560 5000 eða senda okkur línu á vis@vis.is. Við viljum nefnilega að allir séu rétt tryggðir. Látum áhyggjuleysið elta okkur í sumar og siglum örugglega í friið.“ ■

ICELANDAIR



Þægileg leið

innanlands



[icelandair.is](http://icelandair.is)

## Fyrirhafnarlítið ferðalag

Er ferð um landið á næsta leiti? Innanlandsflug er fljótlegur og þægilegur ferðamáti úr einum landsfjórðungi í annan. Það tekur innan við klukkustund að fljúga hvert á land sem er. Einfalt er alltaf best.

Skelltu þér í skemmtiferð innanlands — njóttu Íslands í allri sinni dýrð.



Hornbjarg séð frá Höfn í Hornvík. Fjöldi göngugarpa leggur leið sína á Hornstrandir á sumrin að njóta náttúrunnar.

## Hrafnagilshátíð 16.-17. júlí

Hrafnagilshverfi, Eyjafjarðarsveit

Komið og fáid ykkur rölt í hverfinu.

Markaðir og margt fleira.

Nánar auglýst á [esveit.is](http://esveit.is)

*Kvenfélagið Iðunn*

## Opnar áætlunarferðir eða einkaferðir

Southcoast Adventure, staðsett á Hvolsvellir sérhæfir sig í sérsniðnum einka- og lúxusferðum og alls kyns dagsferðum um Ísland.

Upplifðu Ísland á nýjan og einstakan hátt. Southcoast Adventure býður uppá sérferðir fyrir hópa sem eru sérsniðnir til að hæfa öllum. Ferðirnar sem við bjóðum uppá geta verið hluti af viðameiri hópeflis- eða hvata-ferð í samstarfi við önnur fyrirtæki eða staðið einar og sér sem stuttar dagamuns ferðir.

Engir dagar eru eins og það er alltaf spennutilfinning fyrir næsta degi og hvaða ævintýrum hann kann að hafa í för með sér.



**SOUTHCOAST**  
ADVENTURE  
WWW.SOUTHADVENTURE.IS

## Besta sumarstarf í heimi

Hornstrandir eru vinsæll áfangastaður göngugarpa á sumrin. Þangað er einungis hægt að komast á bát og mikil kyrrð og friðsæld ríkir þar í falletgri náttúru.

[sandragudrun@frettabladid.is](mailto:sandragudrun@frettabladid.is)

Lydía Ósk Óskarsdóttur stendur vaktina á Hornströndum í sumar ásamt þremur öðrum. Hún stendur einnig vaktina í Hornstrandastofu, nýrri gestastofu á Ísafirði, sem er upplýsingamiðstöð um Hornstrandir og sýning um svæðið.

„Við erum tvær sem skiptumst á að vera á gestastofunni og fara á svæðið sem landverðir. Svo eru tvö sem eru bara á svæðinu. Við sem skiptumst á erum í tvær vikur í einu á Hornströndum. Við erum með hús á Hesteyri, en ríkið keypti nýlega húsið sem var verslunarhús á staðnum. Við erum búin að innrétta búðina sem móttöku fyrir gesti,“ segir Lydía.

„Við erum líka búin að útbúa vatnssalerni fyrir gesti sem ekki var áður. Við erum komin með einstaklega flotta og fina aðstöðu á Hesteyri. En svo erum við með aðra aðstöðu í Höfn í Hornvík. Þar erum við með hús og vatnssalerni og við aðstöðum líka gesti þar. Svo eru tjalpstæði og kamrar á fleiri stöðum á Hornströndum,“ útskýrir hún.

Lydía segir að það sé alltaf fullt af fólki sem komi á Hornstrandir á sumrin en landverðirnir eru þar frá 1. júní og út ágúst.

„Þetta er á sama tíma og bátarnir eru að fara yfir. Við fylgjumst að,“ segir Lydía.

Þrátt fyrir að það sé alltaf eitthvað fólk á Hornströndum ríkir þar mikil friðsæld að sögn Lydíu.

„Þetta er það stórt svæði. Þú mætir kannski 4-5 á leiðinni frá Hesteyri og alla leið yfir í Hornvík. Allir eru meðvitaðir um að fólk er bara að njóta náttúrunnar,“ segir hún.

„Það er ekki mikið af Íslendingum á svæðinu í júní. Þeir ferðast meira í júlí þegar það er orðið hlýrra og minni snjór. En landvörður sem gekk frá Hesteyri yfir í Hornvík á mánudaginn var mjög hissa að sjá hvað það var mikið af tjöldum í Hlöðuvík. Það var líka fullt af fólki á tjalpstæðinu í Hornvík, en það eru fáir í dag. Veðrið hefur mikið að segja. Íslendingar fara frekar ef veðrið er gott.“

### Fjölbreytt starf

Lydía segir starfið á Hornströndum



Sældarlíf landvarðarins í kyrrðinni á Hornströndum. Lydía segir að þrátt fyrir fjölda ferðamanna sé landsvæðið stórt og því ríki þar mikil ró og friður.

fjölbreytt. Á Hesteyri taka landverðirnir á móti gestum í fjörunni, leiðbeina göngufólki og kynna því reglur friðlandsins. „Við kennum þeim til dæmis hvernig á að umgangast refinn og yrðlingana en þeir eru að skríða út úr grenjunum sínum í júní,“ segir hún.

„Við erum líka að slá og gera fint á Hesteyri. Svo göngum við göngu-leiðirnar reglulega. Við förum kannski í dagsferðir frá Hesteyri yfir í Aðalvík til að þrifa kamra og athuga með tjaldstæði.“

Lydía segir landverðina einnig vera í góðu sambandi við heima-fólkið.

„Það er mikið af sumarhúsum hér. Þessum gömlu húsum sem voru hér hefur verið vel við haldið og fólk notar þau á sumrin, svo hafa líka verið byggð ný hús. Fólk er hér sumt allt sumarið,“ segir Lydía.

Á gestastofunni á Ísafirði veita landverðirnir göngufólki upplýsingar um svæðið, selja göngukort, aðstoða gesti við að skipuleggja ferðirnar sínar og fleira.

„Við förum sjálf inn á svæðið og tökum út göngustíga og skoðum aðstæður. Það er til dæmis mikill snjór núna og við bendum fólki á hvar það á að vara sig. Hvar eru ár og hvar eru snjóskaflar og hvar er bratt að fara upp og niður. Við hvetjum fólk til að fylgja göngukortinu,“ segir Lydía.

„Við erum líka með sýningu hér á gestastofunni sem er tileinkuð fólkinu sem bjó á Hornströndum og lífinu þar. Við leggjum áherslu á fuglabjörgin og hvernig farið var þangað að sækja björg í bú.“

Lydía segir landvarðarstarfið vera besta sumarstarf í heimi.

„Ég held að hinir landverðirnir séu algjörlega sammála því. Ég er ættuð úr Jökulfjörðum svo þetta er svona mitt heima. Mér finnst frábært að fá að vera inni á svæðinu. Hugsa um það, skoða það og kynnst því betur, og líka hitta fólk og segja því frá því sem við vitum um svæðið. Við brennum fyrir þessu og langar að halda svæðinu góðu og gera vel við gestina okkar.“ ■

# Sjáumst á fjöllum



**SUMARLEYFISFERÐIR FÍ**

[www.fi.is](http://www.fi.is)

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • [www.fi.is](http://www.fi.is) • 568-2533



# Útilegubakterían er dásamleg



Starri Freyr Jónsson  
starri  
@frettabladid.is

Ferðavagnahópur einhleypra 50-70 ára er Facebook hópur þar sem einhleyprir eigendur ferðavagna skipuleggja ferðalög, kynnast nýju fólki og njóta náttúrunnar saman.

Facebook-hópurinn Ferðavagnahópur einhleypra 50-70 ára var settur á fót vorið 2021. Hugmyndin að stofnun hans kviknaði heima hjá Hildi Maríu Herbertsdóttur á fallegu vorkvöldi þar sem hún hugleiddi hvort hún ætlaði að ferðast að mestu ein komandi sumar eins og sumarið áður, þar sem hún er einhleypp. „Mér hugnaðist það reyndar ekki vel. Þá kviknaði hugmyndin um að stofna hóp fyrir einhleypt fólk á mínum aldri sem hefði brennandi áhuga fyrir því að fara í útilegur í ferðavagninum sínum og langaði í ferðafélaga af báðum kynjum. Það er auðvitað mun skemmtilegra að hafa félagsskap, þó ekki væri nema fáeina féлага hverju sinni til að spjalla við, skreppa með í sund, ganga um nágrennið og grilla saman á kvöldin. Svo gætum við líka hjálpast að ef upp kæmu viðfangsefni tengd ferðavögnunum og deilt lausnum.“

## Þrjú útgangspunktur

Fyrsta skrefið var að stofna sérstakan Facebook-hóp en það kunnir hún ekki á þessum

Hluti hópsins í útilegu síðasta sumar. Hildur María er fremst á myndinni.

MYNDIR/AÐSENDAR



tímamarki. „Ég vissi að ég vildi hafa þrjú útgangspunkta. Markhópurinn ætti að vera einhleypt fólk á tilteknu aldursbili og það yrði að eiga ferðavagn eða ferðabil en tjaldferðalangar ættu hins vegar ekki heima í þessum hópi. Út frá því ákvað ég að hafa þrjár viðeigandi spurningar sem fólk þyrfti að svara, umsækjendur þyrftu að samþykkja reglur hópsins ásamt því að vera með mynd af sér á Facebook svo við sæjum hver væri að sækja um inngöngu. Ég birti svo einfaldlega auglýsingu í nokkrum opnum Facebook hópum og fékk einnig leyfi til birtingar í einhverjum lokuðum hópum.“

## Umsóknir hrúguðust inn

Á þessum tímamarki kom Sigur-



Í dag telur hópurinn 115 meðlimi og er konur í meirihluta.



# Útivist í íslensku landslagsmálverkki



Velkomin heim.  
Hvolsvöllur  
Rangárbæing eystra

hvolsvollur.is/  
velkominheim



Það er alltaf létt og góð stemning hjá hópnum yfir sumartímann.

björg Þorlákssdóttir til sögunnar. „Ég var svo stálheppin að hún var meðal þeirra fyrstu sem sóttu um en ég þekkti hana ekkert á þeim tímamarki. Við höfum síðan oft gert grín að því okkar í milli að vegna þess að hún svaraði ekki spurningunum hafnaði ég umsókninni hennar strax. Fljótlega kom í ljós að ástæðan var ágalli í forritinu og því sá hún ekki spurningarnar þegar hún sótti um inngöngu. Sigurbjörg spurði hvort hún gæti ekki aðstoðað mig og þar með var hún orðin meðstjórnandi sem er frábært, því hún er mun klárari í tölvumálum en ég. Á þessum tíma hrúguðust umsóknirnar inn og því frábært hafa hana með.“

## Vantar fleiri karla

Viðtökurnar voru mjög góðar strax í byrjun. „Það er greinilega mikil þörf og áhugi meðal einhleypra á hópi eins og þessum og við erum stoltar af framtakinu. Í dag eru meðlimirnir 115 og konur eru í meirihluta í hópnum. Okkur finnst hins vegar eðlilegt að hafa sem jafnast kynjahlutfall og viljum því nota tækifærið og hvetja karla sem uppfylla skilyrðin til að sækja um inngöngu þó að konur séu auðvitað velkomnar líka.“

Fyrsta sumarið og fram á haust fór nýstofnaður hópurinn í margar ferðir um suður- og vesturluta



Sigurbjörg Þorlákssdóttir (t.v.) hefur hjálpað Hildi Maríu með skipulagið.

landsins, að sögn Hildar. „Við dvöldum á tjaldsvæði í Hvalfirði, á Borg í Grímsnesi, í Reykholti, á Faxa, á Þorlákshöfn og heimsóttum sum þeirra oftar en einu sinni. Við höfum ekki farið lengra en í tveggja klukkustunda akstursleið frá Reykjavík fram að þessu og vitum ekki enn hvort við gerum það. Af því leiðir að margir í hópnum sem búa úti á landi taka ekki þátt en við höfum hvatt alla meðlimi hópsins til þess að efna til ferða hvar sem er á landinu og láta okkur hin vita af þeim.“

## Stundum gripið í gítarinn

Fyrsta ferð sumarsins í ár var farin síðustu helgina í maí, en þá fór hópurinn í Arnes. „Venjan er að skoða veðurspána dagana áður en ákveðið er hvert stefnan skuli tekin hverju sinni. Þess vegna erum við ekki með fyrirfram ákveðna ferðaáætlun fyrir sumarið.“

Hún segir einstaklega heilandi og ánægjulegt að vera í svo mikilli nánd við náttúruna í hópi vana sem finnst það líka. „Mikil stemning hefur oft skapast og stundum hefur einhver gripið í gítarinn. Við hvetjum bæði nýja féлага og eldri til að skella sér í sem flestar útilegur með okkur. Útilegubakterían er dásamleg og við vonum að sem flestir smitist af henni. Svo hefur verið afar gefandi og skemmtilegt að kynnast mörgu sómafólki í þessum ferðalögum okkar.“ ■

Nánar á Facebook undir Ferðavagnahópur einhleypra 50-70 ára.





Ingibjörg Kolbeinsdóttir, markaðs- og sölustjóri Lyfjavers, hefur notað Mygga-vörnina með góðum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Mygga er öflug vörn gegn bitmýi

Mygga mýflugnafælan veitir þér frelsi til að geta verið úti í náttúrunni án mikillar truflunar frá bitmýi. Hvort sem þú ert í garðinum heima, í göngu, fjallgöngu, golfi, veiðitúr eða annarri útivist, þá er gott að hafa Mygguna með í för.

Ingibjörg Kolbeinsdóttir, markaðs- og sölustjóri Lyfjavers, þekkir Mygga vel af eigin reynslu.

„Við fjölskyldan bjuggum í Noregi í sex ár. Þar kynntumst við nokkrum tegundum af bitmýi og notuðum Mygga DEET til varnar með góðum árangri,“ greinir Ingibjörg frá. „Eftir þetta er ég alltaf tilbúin með Mygga-vörnina þegar vargtímabilið hefst í byrjun júní ár hvert, enda vill enginn á heimilinu verða fyrir barðinu á bitvarginum.“

### Mygga DEET

Mygga er áhrifarík mýflugna- og skordýrafæla sem vinnur meðal annars gegn bitmýs- og moskítóbiti. Mygga hefur hlotið góðar viðtökur og reynslu á Norðurlöndunum.

Mygga inniheldur sæfiefnið DEET (N,N-dietýl-meta-tólúamíð) sem er fæliefni sem hefur áhrif á lyktarskyn flugunnar og veitir þannig góða vörn gegn mýflugna- og skordýrabiti. DEET er jafnframt eitt algengasta virka efni sem notað er í skordýrafælu í dag.

### Ekki láta mýið skemma fyrir þér fríið

Bitmý hefur verið mjög fyrirferðarmikið hér á landi undanfarin ár og svo virðist sem lúsmý sé að ná hér fötfestu. Fólk getur orðið fyrir talsverðum óþægindum frá



Ingibjörg nýtur útivistar og er hér að ganga Laugavegin.

MYND/ADSEND

bitmýi, það getur til að mynda orðið til þess að sumarfríið taki óvænta stefnu. Ein leiðin til að koma í veg fyrir bit frá þessum vargi er að nota fæliefni sem inniheldur virka efnið DEET sem borið er á húð.

Mygga DEET veitir meðal annars vernd gegn bitmýs- og moskítóbiti sem varir í allt að níu klukkustundir. Þættir eins og hita-

stig, raki og svitamyndun geta haft áhrif á virkni vörunnar.

Embætti landlæknis og Heilsgæslan hafa gefið út að áhrifaríkustu fæliefni gegn bitmýi séu þau sem innihalda virka efnið DEET og má kynna sér það á vefsíðunni heilsuvera.is.

Til að geta selt vöru sem inniheldur sæfiefnið DEET þarf að sækja um markaðsleyfi frá

Umhverfisstofnun, en Mygga er eina vöruerkið á Íslandi sem inniheldur DEET sem er með gilt markaðsleyfi frá Umhverfisstofnun.

### Mygga vöruúrval

Mygga DEET er fánlegt í þremur mismunandi umbúðum og af mismunandi styrkleika, þar með talið sem „roll-on“ og í úðaformi. Styrkur DEET sker úr um heimila notkun vörunnar miðað við aldur en finna má Mygga DEET sem hentar öllum aldurshópum, allt frá tveggja ára aldri.

Þar sem DEET er sæfiefni, ber að meðhöndla það á öruggan hátt. Mygga DEET er einungis leyfilegt til notkunar á mannfólki, sem vörn gegn mýflugna- og skordýrabiti.

Helstu eiginleikar áburðarins er að hann virkar vel og lengi og hefur komið vel út í rannsóknum þar sem hann var borinn saman við aðrar tegundir af sambærilegum áburði. Mygga áburðurinn er ofnæmisprófaður og lyktar vel, auk þess sem hann klístrar ekki.

Áriðandi er að farið sé eftir leiðbeiningum og ábendingum framleiðanda fyrir notkun vörunnar. Mygga-vörunnar hafa unnið til fjölda verðlauna og undirgengist prófanir á rannsóknarstofum og í vettvangsrannsóknum. ■

Mygga er framleitt af lyfjaframleiðandanum Omega Pharma í Þýskalandi.

Mygga fæst á völdum stöðum um land allt, hægt er að finna nánari upplýsingar um vörunar og sölustaði á mygga.is. Lyfjaver ehf er með markaðsleyfi fyrir MYGGA hér á Íslandi.



Mygga 9,5% DEET Sprey 75ml ætlað fyrir fullorðna og börn frá 2 ára aldri.



Mygga 20% DEET Rollon 50ml ætlað fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri



Mygga 50% DEET Sprey 75ml ætlað fyrir 18 ára og eldri.



Mygga After Bite 50ml gel og krem 50ml, veita skjótan og árangursríkan árangur gegn kláða og ertingu í húð eftir bit frá lús/bitmýi, mýflugum og mörgum öðrum skordýrum. Það hefur kælandi áhrif, dregur úr kláða og ertingu í húð eftir bit, mýkir, veitir raka og endurnærir húðina. Virkar einnig vel við ertingu í húð af völdum brenni-netlu og marglyttu.

# Iceland Travel sinnir viðburðum og ráðstefnum að öllu leyti

Iceland Travel er elsta ferðaþjónustufyrirtækið á Íslandi og sinnir erlendum ferðamönnum að miklu leyti. En það er líka með afar öfluga ráðstefnu- og viðburðadeild sem sér um viðburði og ráðstefnur fyrir hópa og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum um allt land.

„Iceland Travel var stofnað árið 1937 og er elsta ferðaþjónustufyrirtækið á Íslandi. Það kemur inn á allar tegundir ferðaþjónustu, allt frá einstaklingum upp í hvata- og ráðstefnuferðir og yfir í skemmtiferðaskip,“ segir Sesselja Dagbjört Gunnarsdóttir, yfirmaður hvata- og ráðstefnudeildar. „Þessi fjölbreytta þjónusta, áratugalöng reynsla okkar og fjöldi tungumálanna sem starfsmenn tala, er það sem gefur fyrirtækinu sérstöðu á markaðnum.“

„Það má segja að við höfum verið fremst í flokki í áratugi,“ segir Heiður Dögg Sigmarsdóttir, kerfisstjóri ráðstefnudeildar. „Við erum líka hluti af svo stóru ferðaþjónustufyrirtæki að við erum vel sett til að bjóða upp á sérupplifanir fyrir okkar gesti sem önnur fyrirtæki eiga erfitt með að veita. Ef þú vilt búa til sérupplifun, hvort sem það er viðburður, gala-dinner, parti eða ferð út á land, getum við gert það á einstakan hátt, nokkuð sem önnur fyrirtæki eiga erfitt með að skapa, því við höfum bæði þessa gríðarlegu reynslu og mjög sterka innviði.“

## Glænýtt og nútímalegt stjórnerfi

„Við erum líka komin með glænýtt og mjög öflugt viðburðastjórnumarkerfi sem heldur utan



Starfsfólk ráðstefnudeildar Iceland Travel hefur séð um innlendar og erlendar ráðstefnur í áratugi og getur skapað sérupplifanir sem önnur fyrirtæki eiga erfitt með að veita. MYND/ADSEND

um ráðstefnur að öllu leyti fyrir þátttakendur, en kerfið var tekið í gagnid í fyrra,“ segir Sesselja. „Það heldur meðal annars utan um skráningu þátttakenda, notendavirkni og ágríp sem er hægt að móttaka ef svo ber undir. Kerfið býður upp á APP, skoðunarkannanir og einnig þann möguleika að hafa ráðstefnuna stafræna, í persónu, eða blöndu af hvoru tveggja.“

„Það er það nýjasta í bransanum að hafa ráðstefnur bæði á netinu og í persónu. Með þessu nýja kerfi getum við boðið upp á alla þjónustu sem fylgir ráðstefnum, hvernig sem þær eru haldnar, á mjög þægilegan og aðgengilegan hátt,“ bætir Heiður við.

## Sjá um allt frá A-Ö

„Ráðstefnu- og viðburðadeild Iceland Travel hefur séð um innlendar og erlendar ráðstefnur í áratugi, margar hverjar innan heilbrigðis- og vísindageirans. Við höfum til að mynda séð um loftslagsráðstefnuna Arctic Circle, Læknadaga, ýmiss konar norrænar ráðstefnur og Sjávarútvegs-sýninguna í Laugardalshöll, ásamt smærri viðburðum fyrir ráðuneyti og aðra aðila. Sem dæmi má nefna alls kyns vísindaráðstefnur fyrir Veðurstofuna, sem fjalla um allt sem viðkemur jöklum, loftslagsbreytingum, jarðhræringum og eldgosum,“ segir Sesselja.

„Við teljum okkur vera eina fyrirtækið sem getur boðið allt frá

A-Ö. Við getum skipulagt allt sem viðkemur verkefnastjórn svo sem: skráningu, þátttöku, bókun á mat og drykk, ferðir, bókanir á innanhússrymum, ásamt flugi og gistingu fyrir gestafyrirlesara en nefndir sjá um faglega tengingu,“ segir Sesselja. „Fyrirtækið í heild hefur mikið verið að þjóna erlendum gestum, en ráðstefnu- og viðburðadeildin á meira erindi við Íslendinga.“

Við tökum á móti beiðnum af öllum stærðum og gerðum og það skiptir í raun engu máli hver á í hlut, þó við höfum helst verið að þjónusta hópa innan heilbrigðis-, mennta- og vísindageirans. Við störfum ekki einungis í Reykjavík, heldur erum við til dæmis að sjá

um viðburði á Akureyri og Siglu-firði í haust og svo á Egilsstöðum á næsta ári,“ segir Sesselja. „Við getum boðið þjónustu okkar um allt land og kappkostum að veita bestu, mögulegu þjónustuna á sem hagstæðasta verði hverju sinni.“

„Við bjóðum líka upp á almenna viðburði fyrir fyrirtæki og alls konar hópa, ársfundir, vorferðir, árshátíðir og slíkt. Alls konar hóp-efli og húllumhæ,“ segir Heiður. ■

Hægt er að hafa samband við Iceland Travel í gegnum heimasíðu fyrirtækisins, [www.icelandtravel.is](http://www.icelandtravel.is) eða í netfangið [mice@icelandtravel.is](mailto:mice@icelandtravel.is)



Iceland Travel getur sett saman viðburði af öllum stærðum, en hefur helst þjónustað hópa innan heilbrigðis-, mennta- og vísindageirans. MYND/ADSEND

# Að vera túristi í eigin landi

Glögg er gests augað og stundum getur verið gaman að vera túristi í eigin landi og reyna að sjá heimaland sitt með augum erlendra gesta.

[oddurfreyr@frettabladid.is](mailto:oddurfreyr@frettabladid.is)

Þetta eru þeir tíu staðir sem útlendingar eru hrifnastir af að heimsækja á Íslandi, samkvæmt erlendu ferðasiðunni TripAdvisor, þar sem ferðalangar gefa ólíkum upplifunum og stöðum einkunn.

## Perlan

Perlan býður upp á ýmsar skemmtilegar upplifanir og sýningar. Þar er hægt að læra mikið um náttúru Íslands og njóta frá-bærs útsýnis.

## Hringvegurinn

Að fara hringinn er klassísk upplifun sem flestir Íslendingar hafa einhvern tímann notið. Það er margt að sjá á okkar fallega landi og það er um að gera að fara reglulega hringinn og drekka í sig fjölbreytta upplifun.

## Kerið

Kerið er mikilfenglegur gígur í Grímsnesi sem er alltaf gaman að heimsækja. Talið er að það sé leifar frá eldgosum sem átti sér stað fyrir um 6.500 árum.

## Gunnhver

Gunnhver er fallegur hver á



Perlan er efst á lista TripAdvisor yfir staði til að heimsækja á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

Reykjanesi. Það er áhugavert að hann sé í þriðja sæti þrátt fyrir að vera almennt ekki mjög umtalaður. Þangað er stutt að fara frá höfuðstaðnum og Keflavíkurflugvelli.

## Harpa

Tónleika- og ráðstefnuhöllin Harpa er einstaklega falleg bygging í hjarta Reykjavíkur. Þar fara alls kyns tónleikar og viðburðir fram og þar eiga Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan og Stórsveit Reykjavíkur heima.

## Reynisfjara

Reynisfjara hefur aðallega fengið umfjöllun að undanförunu vegna mannskæðra slysa en fjaran er einn vinsælasti og fallegasti ferðamannastaður landsins. Dýralífið, bergið og öldurnar mikilfenglegu eru öll þessi virði að skoða.

## Geysir

Geysir er einn þekktasti ferðamannastaður landsins og kannski bara skritið að hann sé ekki ofar á listanum, því okkur Íslendingum finnst svo klassískt að fara með

ferðalanga í dagsferð þangað og á Gullfoss, sem er ekki einu sinni á topp 10 lista TripAdvisor.

## Goðafoss

Fossinn er þægilega staðsettur við hringveginn, skammt frá Akureyri. Hann er einn af vatnsmestu fossum landsins og án vafa einn sá fallegasti. Hann er ólíkur í útliti eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð og sumum finnst hann jafnvel fallegri á veturna en sumrin.

## Hallgrímskirkja

Kirkjan, sem er sú stærsta á landinu, er eitt þekktasta kennileiti landsins og vel staðsett í miðborginni. Frá 73 metra háum turninum er frábært útsýni og fjöldi manns kemur þangað daglega til að njóta þess.

## Þjóðminjasafnið

Safnið var stofnað árið 1863 og geymir um 2.000 menningar-sögulega dýrgripa, meðal annars Valbjófsstaðahurðina frá því um 1200 og Þórslíkneskið, sem var gert í kringum árið 1000. ■



Geysir er mikilfenglegur staður sem öllum finnst gaman að heimsækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# REGNJAKKAR - PEYSUR & REGNBUXUR

Mikið úrval í stærðum 42-60

Sjáðu úrvalið í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)  
eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Afgreiðslutímar

Alla virka daga frá kl. 11-18

Laugardaga frá kl. 11-16

Curvy 



Frí heimsending ef  
verslað er yfir  
10.000 kr



Zizzi Fleece peysa  
10.990 kr  
Stærðir 42-58

Klara regnjakki  
16.990 kr  
Stærðir 42-60



Klara regnbuxur  
10.990 kr  
Stærðir 42-60



Regnkápa  
11.990 kr  
Stærðir 42-60



Peysukjöll  
11.990 kr  
Stærðir 14-26

Jogging Peysa  
6.990 kr  
Stærðir 42-60



Jogging Buxur  
6.990 kr  
Stærðir 42-60



Göngubuxur  
18.990 kr  
Stærðir 42-60

Nú geta ferðalangar á Héraði heimsótt hreindýrskálfana Garp og Mosa í fyrsta hreindýragarði lýðveldisins á Vínlandi.

thordisg@frettabladid.is

„Hann pabbi minn, Björn Magnússon, hefur verið áhugamaður um hreindýr í árafjöld. Hann er auðvitað í skýjunum með hreindýrskálfana á heimilinu, þá Garp og Mosa, og dæsti einn daginn stundarhátt: „Já, draumar geta ræst“. Hann sótti eitt sinn um leyfi til að halda grænlenka hreindýrahjörð á Íslandi, en fékk neitun. Svo kom þetta upp í hendurnar á honum og víst að kálfarnir hefðu aldrei lifað af án hans.“

Þetta segir Ásdís Sigríður Björnsdóttir, ferðapjónustubóndi og átta barna móðir á bænum Vínlandi í Fellabæ, vestan Lagarfljóts.

Ásdís hefur verið hreindýramamma síðan í fyrravor.

„Þá var systir mín í vélsleðaferð uppi á heiði og rakst á tvo agnar-smáa og móðurlausa hreindýrskálfa. Engin önnur hreindýr voru nærri og þegar vélsleðafólkið kom aftur að kálfunum um klukkustund síðar voru ekki heldur nein hreindýr í auglýn. Því var brugðið á það ráð að hringja í pabba og leita ráða. Sá var ekki lengi að hugsa sig um og sagði: „Komið með kálfana til mín og sjáum hvort okkur takist að halda í þeim lifinu“. Þessir umkomulausu hreindýrskálfar voru svo þínulitlir að þeir komust fyrir í bakpoka ferðalanganna og strax var ljóst að þeir voru ekki sammæðra, því Garpur var um þriggja daga gamall og Mosi um viku eldri,“ upplýsir Ásdís.

#### Broddur og saltaður rjómi

Fyrstu nóttina voru hreindýrskálfarnir litlu í bílskúrnum hjá Birni en það gekk nú ekki vel.

„Þar sem við hjónin keyptum jörð með skóglendi hér á Vínlandi fyrir fjórum árum var ákveðið að koma með kálfana til okkar og við höfðum líka húsaskjól sem ég hafði hugsað fyrir kálfana og til að sitja við eld, en því var snarlega breytt í hreindýrahús. Við tók svo óskapleg vinna,“ greinir Ásdís frá.

Hún segir hreindýr með eindæmum viðkvæmar skepnur og algengt að þau drepist úr hræðslu þegar þau óttist um lif sitt, eins og þegar þau eru elt á vélsleða, en búið sé að finna lyf sem kemur í veg fyrir slíkt sé því sprautað strax í dýrin.

„Það er erfitt að segja hvað varð um mæður kálfanna, en ekki er óalgengt að hreindýrskálfar finnist einir og yfirgefnir af einhverjum orsökum. Í tilviki Mosa og Garps eru líkur á að snjósléðafólk hafi

# Já, draumar geta ræst



Hreindýrapabbinn Björn Magnússon með Garp og Mosa sem hér maula rúgbrauð úr hendi hans.

MYNDIR/ÁSENDAR



Ásdís Sigríður Björnsdóttir varð óvænt hreindýramamma í fyrravor.

fælt hjörðina og kálfarnir ekki getað hlaupið á eftir, en eftir á kom í ljós að kálfarnir voru sýktir af mjög slæmum hnýsli og mæðurnar gætu hafa drepist úr því, því nýfæddir hreindýrskálfar drekka af spena og hafa fengið hnýsilinn í meltingarkerfið með móðurmjólkinni,“ segir Ásdís.

Fyrstu mánuðina stóð lif kálfanna Garps og Mosa oft tæpt.

„Til að byrja með þurfti að finna út úr því hvað ætti að gefa þeim að drekka. Þá var hringt á kúabú og athugað hvort til væri broddur, sem er feit og fyrsta mjólkinn úr nýbornum kúm. Síðan var broddi safnað saman á bæjunum og meira að segja keyrt alla leið í Skagafjörð eftir broddi. Allt gekk það vel og kálfarnir bröggudust um tíma,



Pétur, sonur Ásdísar, knúsar hér litla Garp sem þurfti mikla umhyggju.

en svo fóru þeir að veikjast og fá drullu. Var þá brugðið á það ráð að gefa þeim lamba- og kálfaduft og blanda gæsaeggjum út í, sem og ýmislegt fleira, en þeir Garpur og Mosi hressust lítið af því. Á endanum hafði pabbi samband við Sama sem hann hafði kynnst í Lapplandi og þeir ráðlögðu honum að gefa kálfunum lambaduft og saltaðan rjóma að drekka, því hreindýramjólkinn er sölt,“ útskýrir Ásdís sem gaf þeim lýsi upp á hvern dag og sýklalyf þegar í ljós kom að þeir væru með hnýsil.

„En svo versnaði þeim enn og aftur og þá reyndust þeir vera með hnýsil sem er tiltölulega nýkominn í íslensk hreindýr og talinn koma úr gæsum. Þá þurftu þeir tíu sinnum sterkari sýklalyfjaskammt.“

#### Mega ekki fara út í náttúruna

Á tímabili leist dýralækninum á Héraði svo á að Mosi hefði það varla af. Hann var lengi óþroskaðri og minni vöxtum en Garpur, og horn hans voru minni.

„En svo tók Mosi vaxtarkipp og nú eru þeir svipað stórir. Okkur tókst að hjúkra þeim til bata og losa þá við hnýsilinn og þeir virðast hafa það mjög gott.“

Ásdís segir stundum spurt hvers vegna Garpi og Mosa sé ekki sleppt út í náttúruna, nú þegar þeir eru orðnir frískir, en sannleikurinn sé sá að ekki megi sleppa villtum dýrum í náttúruna sem verið hafa í eldi hjá mannfólki.

„Við vissum alltaf að kálfarnir yrðu aflifaðir ef við fengjum ekki leyfi til að hafa þá, en á sama tíma

eru lögin þannig að ekki má fanga hreindýr, sem við gerðum ekki; önnur lög banna að ganga í burtu frá deyjandi dýri, og einnig er bannað að sleppa dýrum aftur út í náttúruna. Allt var þetta því á gráu svæði en nú höfum við leyfi fyrir því að hafa kálfana og einbeitum okkur að því að láta þeim líða sem allra best, förum með þá í göngutúra og bjóðum þeim góða aðstöðu til beitar í skóglendi okkar. Þeir eru fyrir löngu orðnir hluti af heimilishaldinu og óborganlegt þegar Garpur var lítill og elti pabba alla leið inn í stofu til mín,“ segir Ásdís og hlær.

#### Tvö börn úr óvæntri átt

Í sumarbyrjun var Hreindýragarður opnaður í Vínlandi sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi.

„Hér kemst fólk í návígi við kálfana. Þeir eru ljúfir og geðgöðir og koma þegar kunnuglegar raddir kalla. Við höfum leyft fólk að gefa þeim Cheerios úr lófa og spari fá þeir rúgbrauð sem er í uppáhaldi. Við vitum auðvitað ekkert hvernig þeir verða um kynþroskaaldurinn en finnum þá lausn á því. Það væri draumur að vera með hreindýrastelpu og sorglegt að annar kálfur sem við fengum í vor drapst, en hann var stelpa,“ segir Ásdís, sem á sér fleiri hreindýradrauma.

„Það er eins og fallett jólakort að horfa á hreindýrskálfana í snjónum. Við erum að byrja að venja þá á múla og draumurinn að kenna þeim á sleða og fara með þá í jólaferð niður í bæ.“

Ásdís er borinn og barnfæddur Vopnfirðingur. Maður hennar, Ólafur Björnsson, stöðvarstjóri Bilaleigu Akureyrar, var bóndi undir Eyjafjöllunum þegar þau kynntust og þau bjuggu lengi á Selfossi.

„Við eigum átta börn saman en nú eru flest börnin að verða uppkomin og þrjú eftir heima. Það er tömlagt á bænum þegar börnin tínast úr hreiðrinu og erfitt. Ég veit ekki hversu lengi ég var að læra að elda minni matarskammta og sat þá uppi með mat sem dugði alla vikuna. Það má segja að ég hafi fengið Garp og Mosa í sárabætur; tvö börn úr óvæntri átt sem þurftu á móður að halda. Þeir þekkja raddirnar okkar og gaman að geta kallað á þá: „Komiði strákar!“ og þeir koma eins og hlýðin börn.“

Hreindýragarðurinn er opin allra daga frá klukkan 11 til 17, en ferðalöngum er einnig velkomið að hringja í síma 842 2519 ef þeir eru í nágrenninu og langar að koma við. Hreindýragarðurinn er líka á Facebook og Instagram @icelandreindeers og @vinland\_guesthouse. ■

Reykjavík Excursions  
**HÁLENDISRÚTAN**  
ÞÓRSMÖRK | FIMMVÖRÐUHÁLS | SKÓGAR  
LANDMANNALAUGAR | HÁLENDISPASSI

**FARÐU Í DAGSFERÐ, VERTU YFIR NÓTT EÐA LABBAÐU LAUGAVEGINN!**

Hálandisrútan keyrir daglega inn í Landmannalaugar, Þórsmörk, að Skógum og til baka. Því er hægt að fara í dagsferð, vera yfir nótt, ganga Fimmvörðuháls eða Laugavegin, allt eftir hentugleika!

**BÓKADU Á RE.IS**



OGLEYMANLEG UPPLEIFUN  
ÞITT  
ÆVINTÝRI  
#REYEX  
HÁLENDIÐ Á ÞÍNUM FERÐA

# DEKKJASALAN

*Dekk og flottar felgur*



**ALLT Á EINUM STAÐ**



**Miðjustýringar**



**Felgurær og felguboltar fyrir flestar gerðir bíla**



**Forritanlegir loftþrýstingsskynjarar**

**DUFTLÖKKUM FELGUR**

Lánum dekk og felgur á meðan  
Verðskrá, upplýsingar og myndir á [www.dekkjasalan.is](http://www.dekkjasalan.is)

Dalshrauni 16, 220 Hafnarfirði

**587 3757**

[dekkjasalan@dekkjasalan.is](mailto:dekkjasalan@dekkjasalan.is)



Brákarhátíð er ein fjölmargra bæjarhátíða sem fara fram næstu vikurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Bæjarhátíðir haldnar aftur

starri@frettabladid.is

Lítið hefur farið fyrir bæjarhátíðum hér á landi undanfarin tvö sumur vegna heimsfaraldursins. Nú eru þær komnar á fullt aftur og tilvalið fyrir ferðalanga að heim-sækja þær á ferðalagi um landið næstu vikurnar.

Næstu helgi, 25.-26. júní, verða margar bæjarhátíðir haldnar. Á Humarhátíðinni á Höfn í Hornafirði verður boðið upp á humar-súpu og fjölbreytta dagskrá og í Borgarnesi verður haldin Brákarhátíð til heiðurs Brák, kvenhetjunnni miklu frá vikingatímum. Þar verður meðal annars boðið upp á bílasýningar, markaði og Lata-bæjarsafnið verður opið.

Sömu helgi verða Lumudagar haldnir í Skagafirði, Hamingjudagar fara fram á Hólmavík og bæjarhátíðin Hofsós heim verður haldin á Hofsósi, þar sem boðið verður upp á varðeld, sjósund, markaði og fleira.

Meðal hátíða sem haldnar verða helgina 2.-3. júlí má nefna Markaðshelgina í Bolungarvík sem er blanda af öflugum markaðs-torgi og tónlistar- og fjölskyldu-skemmtun og Gosloka hátíð Vestmannaeyja en þar er endalokum eldgossins á Heimaey 1973 fagnað. Á Þingeyri fara fram sömu helgi Dýrafjarðardagar og á Stokkseyri verður Bryggjuhátíð haldin, þar sem verður boðið upp á varðeld og bryggjusöng ásamt fjölbreyttri fjölskyldudagskrá. ■



Þarna væri lúxus að gista.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Lúxusútilega

sandragudrun@frettabladid.is

Það er alltaf gaman að prófa eitt-hvað nýtt á ferðalagi um landið. Bæði að sjá nýja staði en líka að prófa nýjungar í gistingu. Fyrir þau sem vilja fara í útilegu en nenna ekki stússinu sem fylgir því að setja upp tjald, eða draga ferðavagn á eftir sér er hægt að prófa gistingu í lúxustjaldi. Það eru nokkrir aðilar hér á landi sem bjóða upp á slíka gistingu. Til dæmis eru slík tjöld í Húsadal í Þórsmörk og á Suðurlandi eru gegnsæjar uppblásnar kúlur þar sem hægt er að gista og horfa á stjörnurnar.

Lúxustjöldin er upphituð og notaleg og upplifunin er einskonar blanda af útilegu og hótulgistingu. Með því að gista í lúxustjaldi er hægt að njóta náttúrunnar en um leið að njóta þæginda eins og hlýs rúms og upphitads svefnrýmis. Með því að slá orðinu "Glamping" inn á Google leitarvélina er hægt að sjá hvaða staðir á Íslandi bjóða upp á lúxustjaldgistingu. Það er um að gera að prófa! ■

# Götubiti á ferð um landið í sumar

oddurfrey@frettabladid.is

Götubitin verður á ferð um landið í sumar og um helgina verða þrjú viðburðir á ólíkum stöðum, á Selfossi, í Reykjavík og í Borgarnesi, og verða ólíkir matarvagnar í boði. Aðdáendur götumatar geta því notið þess að gæða sér á slíku göðgæti á nýjum stöðum og íbúar í nágrenninu fá smá tilbreytingu í heimsókn.

Götubitin sérhæfir sig í viðburðum og annarri þjónustu tengdri mat, hátíðum, matarmörkuðum, matarvögnum og „pop up veitingastöðum“.

Götubitin fer næst í heimsókn á Selfoss föstudaginn 24. júní. Þá verður hann við bílastæðin hjá Byko frá klukkan 17 til 19.30. Á svæðinu verða matarvagnar, hoppukastalar og létt götubita-hátíðarstemming.



Götumatur nýtur mikilla vinsælda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Á laugardaginn 25. júní verður Götubitin svo með nokkra matarvagna, hoppukastala og götubita-hátíðarstemmingu við Norðlingaskóla í Norðlingaholti milli klukkan 17 og 19.30.

Á sunnudag fer Götubitin síðan í heimsókn í Borgarnes þar sem nokkrir matarvagnar verða með dýrindis matkrásir við Hjálmaklett, aftur milli klukkan 17 og 19.30. ■

**NIVEA SUN**

TREYSTU Á

**SÓLAR-VÖRN NR. 1\***

UVA UVA vörn sem virkar lengi

UVB UVB vörn sem virkar strax

48h 48 tíma raki

Vatnspolin

Virðir sjávarlíf

Vottað af Húðlæknum

**NIVEA SUN**

protect & moisture

immediate protection & 48h moisture

**30** HIGH

Skin Microbiome Balance

Water Resistant

Ocean Respect

\*Source: Euromonitor International Limited; Beauty and Personal Care 2021 edition; NIVEA as per umbrella brand name classification; all retail channels; retail value terms, 2020 data.

# Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



ÍSLENSKT  
LÁTTU ÞAÐ GANGA



UNO vatnsheld spil  
3.490 kr.



Vatnsheld spil  
2.950 kr.



Hitamælir m/bandi  
(stór appelsínugulur)  
3.000 kr.



Hitamælir gul önd  
2.500 kr.



Hitamælir golfkúla  
1.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Geirslaug  
279.000 kr.



Snorrslaug  
299.000 kr.



Gvendarslaug  
189.000 kr.



**Algjör slökun!**

Fljótandi „hengirúm“. Margir litir  
3.900 kr.



Unnarlaug  
310.000 kr.



Sigurlaug  
(kaldi potturinn)  
135.000 kr.



Grettislaug  
259.000 kr.

**NORMX**

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og líta ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMXA · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



Oftast er fatahönnuðinum Diane von Fürstenberg eignuð uppfinning bundna kjólsins á árunum 1972-3.



Diane von Fürstenberg pósar hér fyrir framan safn sitt af bundnum kjólum á Journey of a Dress sýningunni í LACMA West í janúar 2017 í Los Angeles.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

## Vatnsvarðar yfirhafnir í úrvali



Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni



Skipholtí 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

## Umvafin tískusögunni

Hinn víðfrægi „wrap dress“ eða vafðir kjólar hafa tröllriðið öllu síðustu mánuði í aðdraganda sumarsins enda er um að ræða klassíska flik sem sómir sér á mörgum líkamsgerðum og er hægt að dressa upp og niður.

jme@frettabladid.is

Flikinni er vafið um líkamann og hún bundin saman í mittið eða hneppt saman á hliðinni. Þessi aðferð myndar fallegt vaff-hálmál og efnid fellur glæsilega að líkamannum. Þá er hægt að binda kjólinn misþröngt fyrir ólíka útkomu.

### Ranglega eignaður DVF

Oftast er fatahönnuðinum Diane von Fürstenberg eignuð uppfinning bundna kjólsins í kringum árin 1972-3. Hins vegar bendir Richard Martin, fyrrverandi sýningarstjóri Costume Institute hjá Metropolitan Museum of Art, á að hönnun Fürstenberg hafi þá þegar átt sterkar rætur í bandarískum íþróttafatnaði, sérstaklega þegar kom að notkun hennar á teygjanlegum efnum og gerviefnum í fyrstu eintökum Fürstenbergs.

Á tíma heimskreppunnar á 4. áratug 20. aldar voru svokallaðir „Hooverette“ kjólar vinsælir, en þessi kjólatíska byggði einnig á

sömu hugmynd, að vefja og binda. Elsa Schiaparelli hannaði svipaða kjóla á fjórða áratugnum og Claire McCardell á þeim fimmta.

### Valdefling kvenna

En útgáfa Fürstenbergs, sem var hnésíð, úr þröngu jersey-efni og löngum ermum, varð svo vinsæl og einkennandi að kjólategundin hefur síðan þá verið sterklega tengd við Diane von Fürstenberg. Hún hefur sagt að hjónaskilnaður sinn hafi verið innblásturinn að hönnuninni. Einnig hefur hún gefið til kynna að kjóllinn eigi að valdefla konur til þess að njóta kynferðislegs frelsis. ■



Þýska leikkonan Anna Wolfers parar hér saman glæsilegan bláan bundinn kjól, gullfesti og svarta hliðartösku í byrjun júní í Hamborg.



Leikkonan og áhrifavaldurinn Sonia Lyson sést hér vöfðum bleikum blómakjól frá Zöru um miðjan júní. Grænt Bottega Veneta Jodie veskið býr til skemmtilega andstæðu.



# Það er komið sumar!



## Útdraganlegt þak

Álgrind 4m á breidd og 3m út með 8mm holplasti í þaki. Tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn.

**Kr. 295.000**



## Gróðurhús

Þessi gróðurhús henta vel íslenskum aðstæðum. Gerð úr sterkum ál prófílum og með 4mm holplasti.

Tvær stærðir:

3,10 x 2,38 m: **Kr. 180.000**

4,30 x 2,38 m: **Kr. 225.000**

## Jarðarberjapottar í gróðurhúsið



7 Pottar saman ásamt botni mynda potta turn. Fínt til að rækta jarðarber. Samtals hægt að rækta 28 plöntur í einum turni.

(Plöntur fylgja ekki með)

**Kr. 7.000**

## Þægilegur úti stóll



**Kr. 45.000**

## LED perur fyrir Flúrlampa

Sparaðu rafmagn með því að skipta yfir í LED perur

- Gott í vörugæmslur og bílageymslur

**50% Afsláttur**

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít: Verð kr. 700

- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít: Verð kr. 900

- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít: Verð kr. 1.000



Upplýsingar fást hjá SMH Gróðurhús ehf.

Í Síma: 866-9693

Á Facebook: Gróðurhús SMH ehf

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is



## Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

### Efnistaka í Garði í Skútustaðahreppi

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunin er aðgengileg á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála til 22. júlí 2022.



## Umhverfismat framkvæmda Matsáætlun í kynningu

### Vegstokkur á Sæbraut, Reykjavíkurborg

Vegagerðin hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats **vegstokks á Sæbraut**.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. ágúst til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).



**job**  
Finnum draumastarfið saman

Erum við  
að leita **að þér?**

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Þjónusta

### Garðyrkja

#### SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR



Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. [www.velaverkjs.is](http://www.velaverkjs.is)



#### ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafid samband í 539-5098 eða á [mah@mah.is](mailto:mah@mah.is)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

#### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

#### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## Heilsa

## Heilsuvörur



intellecta.is

## RÁÐNINGAR

RIKISKAUP  
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

# intellecta

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

FRÉTTABLAÐIÐ  
37% LANDSMANNA ERU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM  
49% LESA FRÉTTABLAÐIÐ  
ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?

FRÉTTABLAÐIÐ  
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) nærðu til rétta fólksins.

\*Skv. Neytlukáttunum Gallup. \*\*Íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35-62 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmatningum Gallup.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



## Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)



## Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari  
s. 864 2627 • [bernhof@gmail.com](mailto:bernhof@gmail.com)


[www.bernhof.is](http://www.bernhof.is)

EYJALIND

GRAMMER

## Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjaland.is](http://www.eyjaland.is)

## ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ  
FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

ICEWEAR  
**50** ARA

**MIÐNÆTUROPNUN**  
í dag, fimmtudag  
Icwear Magasín - Laugavegur 91

**30%**

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM  
fyrir vini Icwear

**FYRIRLESTUR MEÐ SIGGA BJARNA KL 20:00**

Ævintýramaðurinn Soggi Bjarni deilir með okkur hvernig hans útivistarævintýri byrjaði, segir frá upplifun sinni að fá covid á topp Mt. Everest og gefur góð ráð varðandi útivistina.

**"GOODIE-BAG" Í BOÐI FYRIR FYRSTU 200 GESTINA**



**SIGG** 

  
SALEWA



**HH** <sup>®</sup>  
HELLY HANSEN

**ASOLO** <sup>®</sup>

[www.icewear.is](http://www.icewear.is)

## Merkisatburðir

- 1923** Hnitbjörg, listasafn Einars Jónssonar, er opnað á Skólavörðuholti í Reykjavík.
- 1926** Varðskipið Óðinn, sem ríkisstjórn Íslands lét smíða, kemur til Reykjavíkur.
- 1967** Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 1968** Keflavíkurganga á vegum Hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

## Ekkert á leiðinni að hætta

Sigríður Snævarr sendiherra fagnar sjötugsafmæli í dag.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég hef átt alveg frábær ár frá því að ég varð fimmtug.“ segir Sigríður Snævarr sendiherra, sem fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. „Ég ætla að taka því frekar rólega enda er þetta þannig dagur, flestir einhvers staðar í burtu.“

Sigríður stefnir að því að fagna deginum með litlu hófi frekar en fjölmennri veislu, þar sem henni finnst gaman að ná alvöru sambandi við fólk. Á hverjum föstudegi í ár hafa þær Berglind Ásgeirsdóttir kallað til borðs í Marshallhúsinu þar sem aldrei er von á sama fólk.

„Við köllum til alls konar fólk úr öllum áttum, sem er það sem við diplómatarnir kunnum og hefur verið alveg geggjað. Yngsti gesturinn er fjórtán ára og sá elsti áttatíu og fjögurra. Þetta er fólk frá ólíkum sviðum samfélagsins og hver borgar fyrir sig.“



Sigríður hefur starfað í utanríkisþjónustunni í 43 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Spaðaás Íslendinga

Það væri heldur dregið úr ef Sigríði væri lýst sem að hafa víða ratað. Hún hafði unnið í tveimur íslenskum sendiráðum, þar á meðal í Sovétríkjunum, áður en hún var skipuð sendiherra fyrst íslenskra kvenna árið 1991. Þá hefur hún starfað sem sendiherra gagnvart á annan tug landa og sinnt öðrum verkefnum fyrir utanríkisþjónustuna víðs vegar um heim. Sigríður segir að stóri spaðaás Íslendinga í alþjóðakerfinu sé að öll fullvalda ríki séu jafnstæð.

„Við höfum komist ansi langt á því að hafa rödd á alþjóðlegum vettvangi,“ segir hún og bendir á að Ísland eigi utanríkisþjónustu sem sé eldri en lýðveldið.

„Stofnunin var sett á laggirnar 1940 þegar Danmörk var hernúmin. Ég er sjálf svo gömul í hettunni að ég var níu daga gömul í starfi 1978 þegar mér var boðið á Bessastaði til Kristjáns Eldjárns, í fötum af mömmu því ég átti engin spariföt sjálf.“

Þannig hefur Sigríður verið hluti af utanríkisþjónustunni í 43 ár. Hún segir mikilvægt fyrir Ísland að eiga sterka sendiherra sem sé orðið æ mikilvægara starf.

„Ég lít svo á að lífið sé verkefnatengt, að það séu verkefni sem máli skipta, og ég mun halda þeim áfram. Ég er ekkert að hætta strax en miða kannski við nírætt.“

Viðtalið við Sigríði má lesa í heild á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) ■



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Börkur Benediktsson**  
frá Núpsdalstungu í Miðfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt mánudagsins 20. júní sl. Hann verður jarðsungið frá Melstaðarkirkju í Miðfirði miðvikudaginn 20. júlí kl. 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Melstaðarkirkju, reikn. 0159-15-200356, kt. 460269-6019.

Sigrún Kristín Barkardóttir  
Björn Helgi Barkarson

Kristinn Garðarsson  
Ólöf Ásdís Ólafsdóttir  
afa- og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,  
**Sigurður Jónsson**  
læknir,  
Borgartúni 30a,  
áður til heimilis að Tómasarhaga 15,

lést 9. júní á líknardeild Landspítalans. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki líknardeilda.

Arnaldur Sigurðsson  
Árdís Sigurðardóttir  
Olga Sigurðardóttir  
Pétur Jónsson  
barnabörn og barnabarnabarn.

Bergljót Jónsdóttir  
Halldór Mátsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,  
**Dagrún Erla Ólafsdóttir**  
Sóleyjarima 5,  
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 4. júlí kl. 15.

Steinar Rafn Erlendsson  
Steinunn Kjartansdóttir  
Ólafur Haraldsson  
Þórarinn Haraldsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Brynjar Vatnsdal Dagbjartsson**  
Billi

lést þriðjudaginn 14. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 24. júní klukkan 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Bandalag íslenskra skáta og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Guðrún Kristinsdóttir  
Dagbjartur Kr. Brynjarsson  
Dagbjört V. Brynjarsson  
Þorleifur J. Brynjarsson  
Elsí Rós Helgadóttir  
Páll S. Magnússon  
Villimey Elfudóttir  
og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,  
**Rósinkar Aðalbjörnsson**  
Ásabraut 16,  
Reykjanesbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi miðvikudaginn 1. júní. Útför fór fram frá Keflavíkurkirkju þann 14. júní síðastliðinn.

Ólöf Guðrún Albertsdóttir  
Unnar Örn Rósinkarsson  
Kristný Lára Rósinkarsdóttir  
Þorgerður Halldórsdóttir  
Helen Sif Halldórsdóttir  
Hafdis Lára Halldórsdóttir  
Halldóra Halldórsdóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.

Kristrún Anna Óskarsdóttir

Björn Ingvarsson

Þórður Sigurð Arnfinnsson



Ástkær faðir okkar,  
**Sólun Rúnar Sigurðsson**  
fyrirverandi bankastjóri,


lést á Landspítalanum þ. 21. júní.

Guðrún Margrét Sólonsdóttir  
Sigurður Magnús Sólonsson  
Árni Valur Sólonsson  
Hannes Heimisson  
Arnfríður Hjaltadóttir  
Svanlaug Ida Þráinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Soffía Stefánsdóttir**  
iþróttakennari,  
Árskógum 8 í Reykjavík,  
lést síðastliðinn laugardag. Útför auglýst síðar.

Svana Pálsdóttir  
Guðbjörg Pálsdóttir  
Soffía Pálsdóttir  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Vilhjálmur Hafsteinnsson**  
bilamálari,  
Bjarkarholti 23,

lést laugardaginn 18. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 12. júlí kl. 13.

Þórdís Guðmundsdóttir  
Dagbjört Vilhjálmsdóttir  
Guðinnur Vilhjálmsson  
Davíð Már Vilhjálmsson  
Páll Antonsson  
Sarah Marie Kleveland  
Sandra Hjalteinn  
afa- og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Edda Garðarsdóttir**

lést á heimili sínu á Hrafnistu í Reykjavík aðfaranótt mánudagsins 20. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00.

Ragnar Sigurðsson  
Snorri Sigurðsson  
Hilmar Sigurðsson  
Drífa Sigurðardóttir  
Berglind Þórðardóttir  
Aðalheiður Leifsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jón Eliasson**  
rafvirkni,  
Hringbraut 2b, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 13. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Steinunn Jónsdóttir  
Þorvarður S. Jónsson  
Tinna Rut Njálisdóttir  
barnabörn og langafabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

# Miklu meira en bara ódýrt



Loftpressur mikið úrval



Hjólafesting á bíl

frá 3.995



Viðgerðarkollur

9.995



Viðgerðarbretti

9.995



Jeppatjakkur 2.25T

19.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

4.795



Vélagálgí 2T

44.995



Vélastandur 500kg

14.995



AirBrush loftdæla

19.995



Burstar í borvél

1.995



6T Búkkar 605mm Par

12.999



Startkaplar

frá 1.495



Hleðslutæki 12V 6A

4.995

Flugnanet margar gerðir

frá 9.999



Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Háprýstidælur

7.995 1/2 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



Verkfærasett 108 stk

5.995



Skrall-lyklar 8-17

4.995



Steðjar í miklu úrvali

Jarðskrúfa 785




785



Vice Multi angle 6.985

6.985

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ranamyndavél

15.995



Bón og bílavörur í miklu úrvali



Fötur og balar í miklu úrvali



Verðmæta-skápar

frá 4.995



Bensínbrúsar 5/10/20L Plast/Stál

Lyklabox í miklu úrvali

frá 4.995



Barnaverkfærasett

2.985



Límbyssur

frá 995



Verkfærasett

4.995

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Pennslasett 10 stk.

999



Fjölsög Höffttech

5.999

Stigar og tröppur í úrvali



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



Súluborvél 350W

24.995



Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm

9.999



Metabo KS216 bútsög

19.995




SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



# BAUHAUS®



# 25%

## afsláttur af öllum ljósum og perum

TILBOÐIÐ GILDIR EKKI FYRIR PHILIPS HUE - MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ




BAUHAUS®

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00  
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00  
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 23. júní til og með sunnudeginum 26. júní



# 10 ÁR MEÐ EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS

# 25%

afsláttur af  
allri málningu  
og viðarvörn frá  
Sadolin og Pinotex

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál
- 19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttir Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
- 20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Mannamál

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist
- 11.00 Survivor
- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show with James Corden
- 14.00 The Block
- 15.00 Black-ish
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 Family Guy
- 19.40 Missir
- 20.15 Ræktum garðinn
- 20.30 How We Roll
- 21.00 Impeachment
- 21.50 The L Word: Generation Q
- 22.45 Love Island
- 23.30 The Late Late Show with James Corden
- 00.15 Tell Me a Story
- 01.00 Law and Order: Special Victims Unit
- 01.45 Dexter: New Blood
- 02.40 Pose
- 03.30 Love Island
- 04.15 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2011-2012
- 14.45 Sumarævintýri Húna
- 15.10 Veiðikofinn
- 15.30 Mótorsport
- 16.00 HM í sundi
- 17.50 Sumarlandabrot
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ofurhetjuskólinn
- 18.16 Fótboltastrákurinn Jamie
- 18.44 Rammvilt í Reykjavík
- 18.48 Miðaldafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Sumarlandabrot
- 20.05 Ömurleg mamma Danskir þættir um móðurhlutverkið. Í þáttunum er fjallað um þær miklu breytingar sem fylgja því að verða móðir, kröfurnar sem mæður gera til sjálfra sín og hvernig gengur að samræma móðurhlutverk, fjölskyldulíf og vinnu.
- 20.35 Haltu mér, slepptu mér
- 21.25 Aldur og yndisþokki Norskir gamanþættir um hjúkrunarfræðinginn Merethe sem stendur á tímamótum. Börnin eru flutt að heiman og Merethe og maðurinn hennar geta loksins notið lífsins á ný. En það er ekki eins einfalt og hún bjóst við.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Förum á EM
- 22.50 Neyðarvaktin
- 23.30 Fangar
- 00.20 Dagskrárlok

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Shriill
- 09.45 Besti vinur mannsins
- 10.10 X-Factor Celebrity
- 11.35 30 Rock
- 11.55 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer
- 12.15 Sorry for Your Loss
- 12.45 Nágrannar
- 13.05 The Great British Bake Off
- 14.15 Grand Designs: Sweden
- 15.00 The Heart Guy
- 15.45 Making It
- 16.30 Making It
- 17.10 Matarbill Evu
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.45 Sportpakinn
- 18.50 Sex í forgjöf
- 19.05 The Titan Games
- 19.50 The Cabins
- 20.35 Girls5eva
- 21.05 NCIS
- 21.50 Real Time With Bill Maher
- 22.45 Grantchester
- 23.35 Pandore
- 00.20 Conversations with Friends
- 00.50 The Mentalist
- 01.35 Shriill
- 02.00 X-Factor Celebrity
- 03.25 30 Rock

Ármann Jakobsson ræðir áralangar rannsóknir sínar

Þáttaröðin Vísindin og við er nú komin í endursýningar á Hringbraut, en þar segja margir helstu vísindamenn Háskóla Íslands frá rannsóknum sínum og fræðastarfi sem er af margvíslegu tagi, svo ekki sé meira sagt. Í þætti kvöldsins segir prófessor Ármann Jakobsson frá fjölþættum rannsóknum sínum á bókmenntastarfi þjóðarinnar. Ný þáttaröð verður svo tekin upp síðsumars til sýninga á Hringbraut í haust.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 fiskar
- 5 halli
- 6 vafi
- 8 tóftir
- 10 þegar
- 11 erta
- 12 fyrirhöfn
- 13 sundfæri
- 15 kenna
- 17 huglaus

LÓÐRÉTT

- 1 dáðum
- 2 skraut
- 3 loka
- 4 byggja
- 7 djarfar
- 9 losun
- 12 hræða
- 14 sægur
- 16 í röð

LÁRÉTT: 1 aftar, 5 flá, 6 efi, 8 rústin, 10 er, 11 æsa, 12 ómak, 13 uggf, 15 mennta, 17 ragur. LÓÐRÉTT: 1 afrekum, 2 flúr, 3 lás, 4 reisa, 7 frakkar, 9 tæmning, 12 ógna, 14 ger, 16 tu.

Sudoku

		3	7	6		2		4
6						5		2
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
				1	4	7		
			9		8			
8	1							

					7			6
		5				4		9
	2							
				2		9	7	8
9	5				8			3
			7				5	
1	3	4			2			7
6	7	2			5	9	3	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Miðvikudaginn 6. júlí kemur út sérblaðið

EM kvenna í fótbolta

Stelpurnar okkar munu keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumótinu sem hefst sama dag og sérblaðið kemur út.

Þetta blað verður stútfullt af upplýsingum um íslenska liðið, liðin og leikmennina, ásamt ýmsum fróðleik um mótið. Áfram Ísland!

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi  
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.





Verk Ulriku Sparre á húsi Héraðsdóms Reykjavíkur.



MYND/ADSEND

Kristín Dagmar við verk Geirþrúðar Finnbogadóttur Hjörvar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ný sýn á hversdagslegt umhverfi



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Hjólið er röð fimm útisýninga á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem hafa verið haldnar víðs vegar um borgina frá sumrinu 2018 í tilefni hálftrar aldar afmælis félagsins. Fyrsta sýningin var á dagskrá Listahátíðar 2018 og nú verður hringnum lokað með þeirri fimmtu, Hjólið V.

Sýningin nær yfir hverfi 101, 102 og 107. Sýningarstjóri er Kristín Dagmar Jóhannesdóttir.

„Sýningaröðin er sett upp í tengslum við afmælishátíð Myndhöggvarafélagsins sem verður í ágúst. Félagið er stofnað 1972 en má segja að útisýningar sem voru settar upp við Skólavörðuholtid á árunum 1967-72 að frumkvæði Myndlistaskólans í Reykjavík, sé viss kjarni og undanfari félags Myndhöggvara. Þetta voru fyrstu sýningar á skulptúr sem haldnar voru í opinberu rými á Íslandi og forsprakkar sýninganna voru þeir Ásmundur Sveinsson, Ragnar Kjartansson og Jón Gunnar Arnason. Í kjölfarið var ákveðið að búa til formlegan félagsskap í kringum myndhöggvara á Íslandi,“ segir Kristín Dagmar.

## Hlutverk kallarans

Undirtitill sýningarinnar í ár er Allt í góðu og er þar er vísað í verk sem er á húsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg. „Þetta er einskona yfirlýsingarherferð eftir sænsku listakonuna Ulriku Sparre og þess vegna er textinn á sænsku, ensku og íslensku: ALLT ÁR BRA, ALL IS WELL, ALLT Í GÓÐU. Allt í góðu vísar í hina fornu hugmynd um „kallara“ (á ensku town crier) sem gekk um borgir og lét fólk vita á klukkustundarfresti hvernig tímnum leið en tilkynnti um leið að allt væri í lagi. Nútímasamfélag boðar gjarnan falskar lausnir til að róa mannshelann og bæla ótta okkar en á tímum óvissu tekur listamaðurinn upp hlutverk kallarans sem telur okkur trú um skilyrðislaust öryggi og ró,“ segir Kristín Dagmar. „Ulrika er með annað mjög fallegt verk við



Verk Ragnheiðar Gestsdóttur við Ægissíðuna.

MYND/ADSEND

Norræna húsið, sem ákveðið var að sýna einnig eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu. Þetta er einnig textaverk sem er við Norræna húsið sem segir: I CAN ONLY CHANGE THE WORLD AS LONG AS I'M ALIVE.“

## Táknræn staðsetning

Listamennirnir eru allir félagsmenn Myndhöggvarafélagsins fyrir utan Ulriku sem er alþjóðlegur gestur hátíðarinnar. Kristín Dagmar segir mikla breidd vera í verkunum. „Við erum með mikið af stórum steypuverkum, til dæmis verk við Arnarhól sem heitir Minnismarki um gjaldfellingar á níunda áratugnum og er eftir Geirþrúði Finnbogadóttur Hjörvar. Í verkinu vinnur Geirþrúður á skemmtilegan hátt með arkitektúr og valdar byggingar frá 1981-1987. Verkið er tilraun til að myndgera óefniskennt kerfi hagkerfisins og sögunnar og er staðsetningin við Seðlabanka Íslands nokkuð táknræn.

Svo eru verk sem fjalla um tengsl milli persónulegs og opinbers rýmis eða almannarýmis. Finnur Arnar býr í Þingholtunum og hefur lýst þessu gamla hverfi sem hálfgerðri eyju í miðbænum. Í verkinu Innlitir skannar hann innviði bæði síns eigin heimilis og nágretta sinna og

málar litrófið síðan á pílára grindverksins sem tilheyrir viðkomandi húsi. Þannig að við sem göngum þar fram hjá fáum innsýn í persónulegan heim þessara einstaklinga sem þar búa.

Emma Heiðarsdóttir leikur sér líka með hugmyndir um ólík rými og vinnur bæði með raunverulegt umhverfi okkar en líka það hvernig við upplifum heiminn í gegnum símann eða hið stafræna rými. Verkið heitir Höggmyndaleit og er staðsett á göngustígum í og við almenningsleiksvæði í Vesturbænum. „Sum verkanna eru áþreifanlegar höggmyndir en önnur eru eingöngu sýnileg á stafrænu formi og unnin í tengslum við ákveðnar staðsetningar. Verkin upplifum við því að hluta til í gegnum símann.“

## Ekki hefðbundin leið

Verkið Súla II eftir Ragnheiði Gestsdóttur er á Ægissíðunni og virkar sem eins konar steinsteypt borgarhlíð, umvafið heilagleika og reisin. „Fyrir nokkrum árum var Ragnheiður í vinnustofudvöl í Beirút og fór að hugsa mikið um súlur og marmara sem hún sá þar í ýmsum byggingum. Þegar hún kom aftur til Íslands tók hún eftir því að marmarinn á Íslandi birtist helst í eldhúsbörðplötum hjá fólki sem þá var að setja upp stórar eyjur í eldhúsunum hjá sér. Fyrsta súluverkið skar hún út í marmara en núna vinnur Ragnheiður í stein-

steypu sem hún segir vera byggingar-efni okkar Íslendinga.“


Kristín Dagmar segir skemmtilegt að ganga um sýningarsvæðið. „Sýningin nær yfir svæðin frá sjávarsíðunni Sæbrautarmegin og yfir á Ægissíðuna. Þessi ás er kannski ekki hin hefðbundna gönguleið en það er áhugavert að sjá á göngu öll þessi ólíku svæði borgarinnar. Með því vildi ég reyna að vísa í Strandlengjusýningarnar sem Myndhöggvarafélagið hélt árin 1998 og 2000. Nokkur verk frá þeim sýningum standa enn, eins og Sólstólar Helgu Guðrúnar Helgadóttur í Nauthólsvík og Geirfugl Ólafar Nordal við Skerjafjörð.

Listamennirnir Emma Heiðarsdóttir, Finnur Arnar, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Ragnheiður Gestsdóttir, Sean Patrick O'Brien, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Ulrika Sparre og Wiola Ujazdowska varpa nýju ljósi á hversdagslegt umhverfi okkar og opna verk þeirra á margþætta skoðun á bæði svæði og sögu og rýna um leið í flóknari félags- og samfélagslega lagskiptingu borgarlandslagsins,“ segir Kristín Dagmar og bætir við: „Hjólið V: Allt í góðu, er hrífandi tækifæri til þess að upplifa hið kunnuglega á nýjan hátt, kynnast fjölbreyttum verkum samtímans og velta fyrir sér tíma og rými borgarinnar, hvenær sem er og á eigin forsendum.

Sýningin stendur til 11. september. ■



Hjólið V: Allt í góðu, er hrífandi tækifæri til þess að upplifa hið kunnuglega á nýjan hátt.



## Lykilspurningin



Verður Vilhjálmur konungur fyrir fimmtugt?

toti@frettabladid.is



**Guðný Ósk Laxdal**  
enskukennari og sérfræðingur í kóngafólki  
„Fyrir fimmtugt? Ú, þetta er góð spurning. Ég held ekki.“

Ég held hann verði kominn yfir fimmtugt. Ég held að við munum sjá Karl verða konung en þetta er bara alltaf spurning um hversu lengi Elísabet ætlar að halda sér á lífi,“ segir Guðný Ósk Laxdal enskukennari sem lengi hefur deilt yfirburðaþekkingu sinni á bresku konungsfjölskyldunni sem @roylaicelander á Instagram, um Vilhjálms prins sem varð fertugur á þriðjudaginn.

## Kóngur vill hann verða...

Karl, faðir Vilhjálms, er fremstur í röð ríkisarfa og vel rúmlega sjötugur bíður hann enn. Guðný Ósk bendir þó á að Camilla, eiginkona Karls, njóti augljósar velþóknunar Elísabetar og hún telji hana vera framtíðardrottningu. „Það er svo augljóst að það er vilji Elísabetar að Karl taki við og ljóst að það verður aldrei hoppað yfir hann.“

En hversu lengi Karl mun lifa er síðan allt annað mál. Ef maður horfir til næstu tíu ára þá held ég nú að Karl verði konungurinn.“

## Fullkomin konungshjón

Guðný Ósk segist, Vilhjálms vegna, vona að hann þurfi ekki að biða jafn lengi og faðir hans og efast ekki um að þegar þar að kemur verði Vilhjálmur og Katrín fyrirmyndarkonungshjón.



„Ég veit ekki hvað þetta er en þau eru eiginlega bara orðin fullkomin og virðast ekki geta gert neitt rangt og ef þau gera það þá fer það einhvern veginn ekki í fjölmiðla. Þú sérð bara muninn á Harry og Meghan þar sem fjölmiðlar eru alltaf svolítið að vinna gegn þeim en með Villa og Kötu.“

Þá bendir Guðný Ósk á að Vilhjálmur og Katrín hafi yngri kynslóðirnar með sér og Karli muni reynast mjög erfitt að halda upp vinsældum konungsfjölskyldunnar án þess að vera með þau í sviðsljósinu.

„Við sáum þetta sérstaklega á valdaafmælinu þar sem krakkarnir þeirra voru að koma mikið fram og verið að sýna fjölskylduna. Það vekur alltaf mikla lukku og þau verða einhvern veginn „fjölskyldan okkar“ í hugum fólks.“ ■

## Flúrin af félögum rötuðu á fötin

Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður endurvekur fatamerkið Helicopter með útgáfu nýrrar línu sem kemur út í Kiosk á Granda í dag. Flúr af félögum hönnuðarinnar eru innblástur nýju línunnar.

ninarichter@frettabladid.is

Helga Lilja Magnúsdóttir lagði hið geysivinsæla Helicopter fatamerki á hilluna árið 2017. Aðspurð segir hún ástæðuna margþætta. „Hitt merkið mitt er Heritage, þar sem ég vinn alltaf með sama mynstrið.“ Hún segir hönnunarþörfina hreinlega hafa öskrað á sig fyrir tveimur árum. „Þá virkilega fann ég að ég varð að koma með Helicopter til baka.“

## Tattúvélin tekin upp í partii

Kveikjan að nýju línunni var símtal frá vinkonu Helgu Lilju. „Hún hafði verið í gleðskap kvöldið áður og sagði: Guð minn góður, ég fór á svo brjálæðislega réttum tíma úr þessu partii, þremur mínútum áður en tattúvélin var tekin upp,“ segir hún og hlær. Helga Lilja lýsir því að nokkrir einstaklingar hafi vaknað með húðflúr á líkamanum eftir kvöldið og hún hafi séð ljósmynd af slíku flúri.

„Ég ætla ekki að segja hvaða flúr þetta er, en það er í línunni. Ég fékk þetta flúr fullkomlega á heilann og í tvo mánuði þældi ég eiginlega ekki í neinu öðru. Ég áttaði mig á því að ég varð að gera eitthvað við þetta.“

Helga Lilja fór því á stúfana og spurði manneskjuna sem bar flúrið hvort að hún mætti vinna með það. Það var auðsött mál. Í framhaldinu kviknaði neisti hjá hönnuðinum. „Þá fór ég í huganum að fara yfir gömul tattú sem ég hef séð í gegnum tíðina.“

## Undarlega stór ákvörðun

Helga Lilja kveðst sjálf vera öflúruð en segist alla tíð hafa haft mikinn áhuga á tattúum. „Ég skil ekki hvernig fólk getur tekið ákvörðunina um að setja tattú á líkamann sinn. Ég á erfitt með að ákveða hvað á að vera í kvöldmat og í hvaða fötum ég á að vera,“ segir hún. „Og stundum finnst mér ég skrytinn í því sem ég ákveð að klæða mig í.“

Hún segir að hér sé um að ræða ákvörðun um að setja eitthvað á líkama sinn sem endist lengur en manneskjan sjálf inni í líkamanum. „Það er bara ótrúlegt,“ segir hún, en



Helga Lilja Magnúsdóttir endurvekur Helicopter-línuna í Kiosk á Grandagarði í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Fyrirsætan klæðist galla úr silki með útsaumi. MYND/ATLI ÞÓR ALFREDSSON

bætir við að fyrirbærið fylli hana innblæstri á sama tíma.

Helga Lilja segir áhugaverðustu tattúina að sínu mati þau sem gerð séu með „stick and poke“ aðferð í hita augnabliksins, umfram þau sem stefnt hefur verið að með löngum fyrirvara.

## Stefnir á að stækka

Hún segir viðbrögðin hafa verið jákvæð þegar hún faladist eftir notkun flúranna í verkefnum, aðeins einn hafi afþakkað þátttöku. „Ég veit ekki hvort að þeir sem játtu því að vera með í þessu verkefni viti almenni-



Nýja línan var ljósmynduð í Aþenu fyrir á árinu. MYND/ATLI ÞÓR ALFREDSSON

lega hvað það gengur út á,“ segir hún spök. „En ég gerði heila línu út frá húðflúrum á líkómum kunningja og vina minna.“

Aðspurð hvort að teiknararnir eða tattúlistafólki sé „krediterað“ sérstaklega svarar hún að svo sé ekki á þessum tímamarki.

„Ég hugsaði út í að þetta myndi vera verkefni sem yrði miklu stærra. Að ég myndi í rauninni bara gefa út bók með fólkinu. Ég veit að ég má segja það, að Hildur Guðna er með eitt af tattúunum, hún er vinkona mín,“ segir Helga Lilja. Ótrúlega gaman gæti verið að stækka verk-

efnið en hún ætli að einbeita sér að fötunum fyrst um sinn.

Hún segir eldri útgáfur Helicopter-merkisins hafa gengið út á digital-prentun að stóru leyti. „Þetta snýst mikið um litagleði og mynstur. Mér finnst fara mínum líkama best að vera í einföldum sniðum, kassasniðum úr þungum fallegum efnum. Beinum buxum og t-shirtum. Það fer mínum líkama best,“ segir hún. Því vinni hún út frá þeim einföldu sniðum, en leiki sér þá í staðinn með mynstrin.

## Glimmerprent og útsaumur

Í nýju línunni eru þrjár flíkur digital-prentaðar. En Helga Lilja notast einnig við glimmerprent sem hún segir glitra eins og yfirborð sjávarins í sólinni. „Það er alveg bilað,“ segir hún. Þá sé mikið um útsaumum mynstur í nýju línunni. „Af því að tattú eru gerð með nál. Í anda þess er ég með aðalflík, silkisett, sem er kveikjan að þessu öllu saman. Það er úr brjálæðislega finu silki-satín efni og svo eru öll tattúin „embroiduð“ á gallann.“

Helga Lilja segist hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að gera aðeins það sem hana sjálfa langaði að gera, í þetta sinn. „Þetta endurspeglar minn stíl. Ég var aðeins farin að sigla frá honum þarna undir endann og það var ein af ástæðum þess að ég þurfti aðeins að hvíla mig,“ segir hún, en hún segist hafa gefið út síðustu Helicopter-línuna fram að þessu árið 2017. ■

## Hálfbakaður Bósi Ljósár

## KVIKMYNDIR

Lightyear  
Pixar

Leikstjóri: Angus MacLane

Nína Richter

Pixar, vinsælasta kvikmyndaver Hollywood, hefur framleitt ástsælar fjölskyldumyndir á borð við Leikfangasögu-fjarkann Toy Story, Monsters Inc., Wall-E, Inside out og Coco. Lightyear er fyrsta Pixarmyndin síðan 2020 sem ratar í kvikmynda-hús, en Soul, Luca og Turning Red fóru allar þráðbeint inn á streymisveituna Disney+. Aðsókn á Lightyear hefur verið slök á heimsvísu, til að mynda minni en á Pixar myndina Cars 3 sem kom út 2017.

Lightyear er eins konar dótturmynd Toy Story, þar sem hún fjallar um persónuna Bósa Ljósár – en ekki leikfangið Bósa, sem við þekkjum úr myndunum heldur sögupersónuna



Ljósár hefur ekki staðið undir væntingum hvað aðsóknartölur varðar.

MYND/PIXAR

sem leikfangið á að byggja á. Hugmyndin er í sjálfu sér ekki hræðileg, en handritshöfundum bregst bogalístin í ýmsu sem varðar framvindu og takt í sögunni, og persónugallerí. Og hefur þá klúðrast flest sem klúðra má.

Lightyear er hreinræktuð vísindaskáldsaga. Hún fjallar um fólk sem festist á óvinveittri plánetu og langar að komast heim og þarf að nota

til þess framtíðartækni og tímaferðalög. Leitinn að leiðinni heim er þema sögunnar og spurningin hvað sé heimili er lykilspurningin. Allt er þetta matreitt fyrir unga áhorfendur, eða það er að minnsta kosti hugmyndin.

Undirrituð horfði á myndina með syni og dóttur, fimm og sjö ára gömlum. Sagan gerir ráð fyrir því að börn þekki til alls konar

minna úr vísindaskáldskap. Tímaflakshugmyndin er þokkalega útskýrð en ásetningur persóna og framvinda er þó svo illa matreidd að meira að segja fullorðnir gætu ruglast.

Persónurnar eru grunnar, Bósi sjálfur er ekkert hræðilega spennandi aðalpersóna og áhorfendum er slétt sama um örlög hans. Sambönd hans við lykelpersónur, einnig óspennandi, eru grunn og byggja á engu. Það var gott að sjá opinberlega samkynhneigða aukapersónu í Pixarmynd en þar eru kostirnir upp taldir. Gömul gildi Bósa, sem sagan gengur út á að endurskoða, eru ekkert sérstaklega vel fest eða sannfærandi. Þegar lykilspurningunni um heimilið er svarað, verður svarið eins og þunn afsökun fyrir lengd myndarinnar. ■

**NIDURSTAÐA:** Óháð heimferð Bósa langaði áhorfendur bara sjálfa að komast heim.



**BESTA  
DEILDIN**

**NS**  
NÓI SÍRÍUS

# KOMASO!

**INN MEÐ BOLTANN! INN MEÐ BESTA SETTIÐ!**



Besta settið er glænýtt rjómasúkkulaði úr Eitt Sett leikmannahópnum. Við breytum um leikskipulag og bætum við fljótandi lakkrisfyllingu í Besta settið. Stoltur styrktaraðili Bestu deildar kvenna og karla.



ÚTISVÆÐIÐ 23. – 25. júní



Hjarta  
Hafnar-  
fjarðar  
ÚTISVÆÐI



10 tegundir  
af isköldum  
í stærsta  
björgám  
Evrópu

Drögum út  
björkort  
alla dagana

HAPPY  
HOUR  
18-21

**Frábær dagskrá  
alla helgina á útisvæði**

**Fimmtudagur**

**Eypór Ingi og Davíð Sigurgeirsson**

**Heiðar í Botnleðju**

**Föstudagur**

**Hljómsveitin Brot af því besta**

**Laugardagur**

**Loksins er Júlladískó mættur :)**

tix



prime  
UMBODSSKRIFSTOFA



# Jónas afhjúpaður á Jónsmessunni

Það verður ekki töluð vit-  
leysan á Þingvöllum í kvöld  
þar sem geðbæturinn Guðni  
Ágústsson og geðlæknirinn  
Óttar Guðmundsson efna til  
kvöldgöngu í minningu þjóð-  
skáldsins Jónasar Hallgrímssonar  
sem hvílir lúin bein á  
staðnum.

ser@frettabladid.is

Félagarnir Guðni Ágústsson og  
Óttar Guðmundsson geta ekki  
hætt að ganga um velli gamla þjóð-  
þingsins við Almannagjá – og allra  
síst á aljartri Jónsmessunótt – en  
enn einu sinni leggja þeir í hann í  
kvöld undir klíðmjúkum fjölda-  
söng Karlaðórs Kjalnesinga og að  
þessu sinni er umræðuefnið annar  
tveggja manna sem hvílir á  
bökkum Óxarár, þjóðskáldið Jónas  
Hallgrímsson sem litaði níttjándu  
öldina svo skærum litum að enn er  
þjóðin með glýju í augnum.

„Hann er líklega umtalaðasti  
Íslendingurinn fyrr og síðar, eða því  
sem næst,“ segir Óttar, sem er búinn  
að taka fram skóna og er til alls lík-  
legur á pöllum gamla þingheimsins  
í kvöld, en gangan byrjar, vel að  
merkja, klukkan 20.00 á planinu  
ofan Almannagjár.

## Síblankur náttúrufræðingurinn

Hann ætlar að einbeita sér að helgi-  
myndinni sem slegið hefur verið  
upp af Jónasi og spyrja sig og aðra  
nærstadda hvort hún standist.

„Stóra spurningin er auðvitað  
hvort þessi helgimynd sé raunsönn  
– og ég held nú að svo sé ekki,“ segir  
Óttar og heldur áfram, býsna íbygg-  
inn: „Það er raunar með algerum  
ólíkkindum að þessi síblanki nátt-  
úrufræðingur skuli skreyta tíu-  
þúsundkallinn, verðmætasta pen-  
ingaseðil landsmanna,“ segir Óttar  
og er við það að skella upp úr. Jónas  
hafi ekki átt bót fyrir boruna á sér  
– og svo hafi verið alla tíð, en samt  
sem áður sé honum hampað með  
þessum hætti, sem hljóti að teljast  
öfugmæli.

„Svo er hann grafinn upp í  
dönskum kirkjugarði eins og um  
einhver dýrlingsbein hafi verið að  
ræða,“ heldur geðlæknirinn áfram  
og hnussar svo til hæfilega, en allt  
megi þetta heita á skjön við brös-  
otta ævi Óxndælingsins sem fæddist  
við dagsbrún níttjándu aldar og náði  
aðeins 37 ára aldri.

„Á bak við þessa mynd, sem er



Óttar og Guðni leiða gönguna en Óttar segir Jónas hafa verið hringtrúlof-  
aðan dauðanum eins og títt var um skáld á hans reki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Helgimynd af Jónasi Hallgrímssyni.

okkur svo kær að við viljum helst  
ekki sjá annað, er auðvitað breyskur  
maður,“ bætur Óttar við og dregur  
upp sína mynd af þjóðskáldinu. „Ég  
held að Jónas hafi verið afskaplega  
óhamingjusamur maður alla sína  
tíð, nema ef vera skyldi árin eftir  
menntaskólatíð hans þegar hann

varð ástfanginn í fyrsta og eina  
skiptið á ævi sinni.“

## Drykkjfelldur kvíðasjúklingur

Og við Óttari blasir döpur mynd.  
„Hann var drykkjfelldur kvíðasjúk-  
lingur sem glimdi við þunglyndi, en  
þess utan var hann ómannblendinn  
og ódreggur með sjálfan sig, fyrir  
nú utan það augljósa að hann var  
hringtrúlofaður dauðanum eins og  
títt var um skáld á hans reki. Hann  
trúði því beinlínis að hann myndi  
ekki lifa lengi.“

Og Óttar er ekki á því að fótbeins-  
brot í stigagarmi í kóngsins Kaup-  
mannahöfn hafi verið dauðasök  
skáldsins. „Ég held hann hafi dáið úr  
lungnabólgu og brjósthimnubólgu  
sem hafi sáð sér upp í heila,“ segir  
Óttar, en vel megi vera að hann hafi  
dottið í stiga sakir þess hversu hann  
hafi verið máttfarinn undir það síð-  
asta. „En stigabeinbrotið er bara enn  
ein helgimyndin, ef út í það er farið,  
þegar hitt er líklegra að lungun hafi  
bara gefið sig.“ ■

## Safnað fyrir menningarbyltingu

toti@frettabladid.is

Kristín Hjartardóttir geðhjúkrunar-  
fræðingur og Elín Agla, þjóðmenn-  
ingarbondi og heimspekingur,  
standa fyrir hópþjármögnun á  
Karolinafund.com til þess að geta  
reist hirðingjatjald á höfuðborgar-  
svæðinu.

„Hjálpíð okkur að reisa tjaldið til  
að hlúa að menningu og skapa sam-  
hljóm. Tjaldið er skjól til að rækta  
tengsl við hvert annað og tengsl við  
náttúruna,“ segir Elín Agla en tveir  
dagar eru eftir af söfnuninni og enn  
vantar nokkuð upp á.

„Við erum að safna fyrir undir-  
stöðupalli fyrir hirðingjatjaldið og  
því fleiri sem styðja verkefnið, þeim  
mun styrkari stöðum mun það  
standa á, bókstaflega,“ heldur Elín



Elín Agla í tjaldinu þegar það stóð á  
Ströndum fyrir nokkrum misserum.

áfram um tjaldið og verkefnið, sem  
þær kalla þetta Gimli – þjóðmenn-  
ingarbyli, og felur í sér ákall um  
menningarbyltingu og veisluhöld.

Tjaldið sjálft er handgert, mong-  
ólskt hirðingjatjald sem biður í  
öruggri geymslu eftir undirstöðu

og hentugum stað í útjaðri höfuð-  
staðarins þar sem þær stöllu aetla  
því að veita viðburðum og veislu-  
höldum skjól. „Þar sem við getum  
komið saman og nært tengslin við  
hvert annað, staðinn okkar og nátt-  
úruna,“ eins og þær orða það á söfn-  
unarsíðunni þar sem þetta Gimli er  
einnig sagt vera „staður fyrir okkur  
til að iðka þorpsvitund. Skjól fyrir  
ímyndunaraflíð svo hægt sé að sjá  
sér fyrir hugskotssjónum aðrar  
leiðir til að vera í heiminum. Iðkun  
og viðburðir sem næra bæði okkar  
sál sem og sál heimsins.“

Söfnunin stendur út föstudaginn  
24. júní. „Sum sé á miðnætti á töfra-  
nóttinni, Jónsmessunótt,“ segir  
Elín sem vill geta heiðrað fegurðina  
í öllum sínum birtingarmyndum í  
hjarta og miðju tjaldsins. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson gudmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:  
Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÖLK/  
SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir  
ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is,  
TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEDLI, EF ÞÚ SÆKIR



ALLT AÐ  
**60%**  
AFSLÁTTUR



**35%**  
AFSLÁTTUR



### BOSTON CITY stillanlegt heilsurúm.

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gaffl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þröðlaus fjarstýring.



160x200 cm

Fullt verð: 479.900 kr.

Nú **311.935 kr.**

180x200 cm

Fullt verð: 499.900 kr.

Nú **324.935 kr.**

200x200 cm

Fullt verð: 569.900 kr.

Nú **370.435 kr.**

### ELEGANCE 15 heilsudýna



**20%**  
AFSLÁTTUR

160x200 cm

Fullt verð: 139.900 kr.

Nú **111.920 kr.**



Sérlega vönduð heilsudýna sem veitir góðan stuðning. Elegance heilsudýnan er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Gormakerfi Elegance er mjúkra við axlasvæðið en stífara við neðra bak og miðjussvæði. Elegance heilsudýnan hefur steypa kanta sem gefa um 25% meira svefnrými og tryggja hámarks endingu dýnunnar. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.

Til í fleiri stærðum.

**25%**  
AFSLÁTTUR



### LICATA tungusófi

Fallegur sófi með hægri eða vinstri tungu. Dökkgráu áklæði. 265 x 164 x 82 cm. Verð 244.900 kr.

Nú **183.675 kr.**

### DANADRAM

#### Ergo magic koddur

Dúnkoddur með stífum innri kjarna úr minnisvampi. 70 x 48 x 20 cm. Verð 14.900 kr.

**50%**  
AFSLÁTTUR

Nú **7.450 kr.**

### S.BEDDING

#### dúnsæng

Dúnsæng. 1300g 85% smáfiður, 15% hreinn andadúnn. 135 x 220 cm. Verð 14.900 kr.

**50%**  
AFSLÁTTUR

Nú **7.450 kr.**

### CANNES hægindastóll

Hægindastóll og skammel. Saddle, grátt, svart eða rautt PVC áklæði. Verð 199.990 kr.

**30%**  
AFSLÁTTUR

Nú **139.993 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugard. kl. 11-17  
Sunnud. LOKAÐ

Holtagördum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

# SUMMAR útsala

Sumarútsalan er í fullu fjöri - ekki missa af þessu



## AUSTIN sófi

Rafdrifinn 3ja sæta leðursófi með niðurfellanlegu borði í miðsæti. 198 x 95 x 98 cm. Verð 299.900 kr.

20%  
AFSLÁTTUR

Nú 239.920 kr.

## KOLDING

### hægindastóll

Stillanlegur stóll í dökkgráu, rauðu eða svörtu PVC áklæði. Verð 169.990 kr.



30%  
AFSLÁTTUR

Nú 119.900 kr.

60%  
AFSLÁTTUR



## SPA handklæði sandlituð

100% tyrkneskri bómull. 50x100 cm. Verð 895 kr. Nú 358 kr.



25%  
AFSLÁTTUR

## AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður. Verð 199.900 kr.

Nú 149.925 kr.



40%  
AFSLÁTTUR

## STELLA sófi

2ja sæta sófi í bláu eða grænu áklæði. 160 x 85 x 78 cm. Verð 119.900 kr. Einnig til 3ja sæta.

Nú 71.940 kr.



45%  
AFSLÁTTUR

## BERMUDA

Útisófasett og borð. 210 x 210 x 80 cm. Hægt að raða upp á marga vegu. Fullt verð: 179.990 kr.

Nú 98.995 kr.

25%  
AFSLÁTTUR

MISTRAL HOME  
RÚMFÖTUM



140x200 cm

Fullt verð: 10.990 kr.

Nú 8.243 kr.


60%  
AFSLÁTTUR

AF AFFARI  
VÖRUM

Opið á sunnudögum  
á Smáratorgi 13-17

# DORMA

Láttu drauminn rætast



## Bakþankar



Kolbeins Marteinssonar

## Fimmtán ár

Stundum er ágætt að staldra við ef maður finnur ónotatilfinningu ágerast í maganum. Þá getur verið gott að skoða aðstæður í umhverfinu og reyna að skilja hvað er í gangi. Sjálfur tel ég mig hafa séð nokkur óveðursský á himni.

Fasteignaverð hefur aldrei verið hærra. Allt selst og eftirspurnin er óseðjandi. Byggingakranar eru úti um allt höfuðborgarsvæðið, alls staðar er verið að byggja. Fjárfestir sem ég þekki sagði mér að allir í golfklúbbum hans væru meira og minna að byggja blokkir. Verðbólga er farin að valda vandræðum og vextir fara hækkanði og munu hækka enn frekar. Almennir sem hefur fjármagnað íbúðakaup sín með óverðtrygðum lánnum mun finna að slíkar vaxtahækkunarir hafa hratt mikil áhrif.

Sala á bílum með bílalánnum hefur sjaldan verið meiri. Olíuverð er komið í svipaðar hæðir og árið 2008. Reynslan sýnir að þegar olíuverð er svo hátt hefur það slæm áhrif á heimshagkerfið og kreppa fylgir í kjölfarið. Bílastæðin við Leifsstöð eru yfirfull og kreditkortaeýsla Íslendinga erlendis hefur aldrei verið meiri. Hluta-bréfamarkaður hér á landi hefur vaxið gríðarlega eftir ævintýrlega ávöxtun þó nú sé farið að hökta. Komur fólks á Vog með kókaín-fíkn hafa aldrei verið fleiri. Allt eru þetta kunnuleg stef sem minna á Ísland fyrir 15 árum.

Árið 2007 hefur oft verið nefnt sem táknmynd veislunnar sem endaði með hruni. Verkefnið núna er að tryggja að ársins 2022 verði ekki minnst með sama hætti og við getum vel leyft okkur bjart-sýni. Hagkerfi okkar stendur á traustum grunni og enginn hefur enn borðað gull. Þegar haustar safnar bóndi forða fyrir veturinn. Það eigum við líka að gera og muna að á eftir vetri kemur alltaf vor. ■

# SAMAN Í 60 ÁR

á laugardag, 25. júní kl. frá 13-16

### Suðurnes

- 14:00 Hjálmar Örn
- 14:15 Hreimur
- 14:50 Ávaxtakarfan
- 15:25 Emmsjé Gauti

### Grandi

- 13:00 Eva Ruza
- 13:15 Ávaxtakarfan
- 13:50 Emmsjé Gauti
- 14:25 Lína Langsokkur

## SIRKUS ÍSLANDS

FÁÐU GEFINS FUGLAHÚS TIL AÐ SMÍÐA OG TAKTU ÞÁTT Í LEIK Á SAMFÉLAGSMIDLUM  
 #MITTFUGLAHUS  
 Kandífloss, bollakökur og pylsur

# BYKO

## Allt fyrir veisluna

**Skreytingar  
 Borðbúnaður  
 Búningar  
 Tækjaleiga**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534